

Grindvíkingar vöknudðu upp við vondan draum

Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, ræðir um viðbrögðin við landrasi, jarðskjálftum og hugsanlegri hættu á eldgosí í nágrenni bæjarins





covid.is

Við erum öll almannavarnir

Covid-19 kallar á samstöðu og ábyrgð okkar allra. Til að auðvelda heilbrigðiskerfinu að ráða við vandann er mikilvægt að takmarka útbreiðslu veirunnar eins og hægt er. Til þess eru ýmis ráð sem við þurfum öll að tileinka okkur.

- ▶ **Þvوم okkur um hendurnar**
Með vatni og sápu. Reglulega - og reglulega vel.
- ▶ **Forðumst óþarfa snertingu**
Finnum snertilausar leiðir til að heilsast og kveðjast. Bros er betra en koss og knús.
- ▶ **Virðum sóttkví**
Sóttkví fyrir þau sem mögulega eru smituð og einangrun þeirra sem greinast er nauðsynleg til að hægja á útbreiðslu.
- ▶ **Hlítum samkomubanni**
Samkomubann tekur gildi aðfaranótt mánudagsins 16. mars. Kynnum okkur vel reglur um bannið og fylgjumst með fréttum.

Á vefnum **www.covid.is** finnur þú fleiri góð ráð, traustar upplýsingar og fréttir af stöðu mála.



**Embætti
landlæknis**
Directorate of Health



Tryggðu þér sæti

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2020 fer fram á Hilton Reykjavík Nordica 1. og 2. október. Fundað verður í einni málstofu fyrri daginn en þann síðari verða málstofurnar fjórar. Uppselt var á ráðstefnuna 2019 og komust færri að en vildu.

Að þessu sinni býðst ráðstefnugestum að skrá sig annað hvort báða dagana gegn fullu gjaldi eða síðari daginn gegn lægra gjaldi. Veldu þann kostinn sem hentar þér betur.

Tryggðu þér sæti á stærsta viðburði ársins hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Opnað verður fyrir skráningu um mánaðamótin ágúst/september.



Útgefandi:

Samband Íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, 5. hæð
105 Reykjavík
Sími: 515 4900
samband@samband.is
www.samband.is
ISSN-0255-8459

Ritstjóri:

Valur Rafn Halldórsson (ábm.)
valur@samband.is

Ritstjórn:

Valur Rafn Halldórsson
Ingibjörg Hinriksdóttir

Blaðamaður:

Garðar H. Guðjónsson
gaji@mmedia.is

Auglýsingar:

Samband Íslenskra sveitarfélaga

Umbrot:

Ingibjörg Hinriksdóttir

Prentun:

Oddi

Dreifing:

Pósturinn

Tímaritið Sveitarstjórnarmál kemur út 2-3 sinnum á ári. Áskriftin kostar 4.000 krónur.

Gengið er frá áskrift í síma 515 4900 eða á netfangið samband@samband.is

Forystugrein

5

Við munum komast uppúr dalnum og sækja á hæstu tinda

10

Akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu

Sigurbjörg Fjölisdóttir skrifar

20

Grindavíkurbær**Grindvíkingar vöknudu upp við vandan draum**

Garðar H. Guðjónsson ræðir við Fannar Jónasson, bæjarstjóra Grindavíkurbæjar, um viðbrögðin við landrasi, jarðskjálftum og hugsanlegri hættu á eldgosi í nágrenni bæjarins

26

Nýtum þá þekkingu sem er til staðar

Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir og dr. Guðrún Pétursdóttir, Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands, skrifa um leiðbeiningar til sveitarfélaga um viðbrögð við áföllum

32

Sveitarfélagið Árborg**Gríðarleg uppbygging og tækifæri í Sveitarfélaginu Árborg**

Garðar H. Guðjónsson ræðir við Tómas Ellert Tómasson, varaformann bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar

Forsíðumynd:

Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, prýðir forsíðu Sveitarstjórnarmála að þessu sinni.



Við munum komast uppúr dalnum og sækja á hæstu tinda

Karl Björnsson
Framkvæmdastjóri

Viðfangsefni stjórnar og starfsmanna sambandsins eru fjölbreytt og mörg eru verkefni sem þarf að leysa í þágu hagsmuna sveitarfélaganna. Útsjónarsemi, lausnarmiðuð hugsun, hlutlægni, samvirksemi og virðing eru þættir sem ráða för í starfseminni. Alltaf koma nýjar áskoranir, en sum verkefni eru árstímabundin og regluleg. Það á t.d. við um gerð samkomulags ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál (LOF). Þrívegis hefur samkomulag náðst en á síðasta ári tókst það ekki. Ástæða þess er að við framlagningu fjármálaáætlunar ríkisins komu fram áform um að skerða lögbundin framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Var því harðlega mótmælt af hálfu sambandsins og sveitarfélaga. Þessi áform voru dregin til baka, en þá var of seint að ganga frá samkomulagi. Þegar lagt var fram fjárlagafrumvarp fyrir árið 2020 komu óvænt fram nýjar hugmyndir sem myndu íþyngja sveitarfélögum og íbúum, næðu þau fram að ganga. Um er að ræða svokallaðan urðunarskatt sem var algjörlega óútfærður og hefði í raun ekki nýst markvisst í umhverfismálum heldur einungis til að auka tekjur ríkissjóðs. Sambandið mótmælti þessu einnig harðlega og við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins voru áform um þennan nýja skatt dregin til baka, a.m.k. tímabundið.

Nú er unnið að gerð nýs samkomulags ríkis og sveitarfélaga á grundvelli LOF. Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, hin svokallaða Jónsmessnefnd, hefur yfirumsjón með undirbúningsvinnu vegna þess. Stefnt er að því að sannmælast um heildarafkomu hins opinbera næstu ár. Samkomulagið bindur þó ekki ákvarðanir einstakra sveitarfélaga en sambandið skuldbindur sig til að hvetja sveitarfélög til að horfa til þess við fjárstjórn og fjárhagsáætlunargerð.

Fyrir liggur að í samkomulaginu verði mörg mikilvæg samstarfsverkefni aðila. Ráðist verður í endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga með það að leiðarljósi að tryggja eins og kostur er til framtíðar að þau verði fjárhagslega sjálfbær. Vinna hefst við gerð fjárhagslegs sjálfbærnilíkans sem mun auðvelda einstökum sveitarfélögum að meta fjárhagslega sjálfbærni sína m.t.t. ólíkra sviðsmynda og grundvelli mismunandi breyta, s.s. lýðfræðilegrar þróunar, áhrifa breytinga í starfsmannahaldi og launakostnaði, verðlagsþróunar, áætlaðra tekna frá jöfnunarsjóði og uppbyggingaráforma í viðkomandi sveitarfélögum. Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga get nýst vel í tengslum við þetta. Fjárhagslegt sjálfbærnilíkan sem þetta mun einnig verða grunnur við mat á nauðsynlegri og traustri fjármögnun sveitarstjórnarstígsins í heild.

Í hinu nýja samkomulagi verður tekið mið af þeim verkefnum sem fjallað er um í þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Þar vegur þungt heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Um þessar mundir ríkir mikil óvissa um sjóðinn. Eins er það grundvöllur stuðnings sambandsins við áform um að setja í lög viðmið um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga, sem kallar á sameiningar margra sveitarfélaga með verulegum stuðningi frá sjóðnum, að sérstök viðbótarframlög komi frá ríkinu til að mæta útgjöldum vegna þess.

Um þessar mundir lifum við ótrúlega tíma. Ógnir veðurs, náttúruhamfara og heimsfaraldurs COVID-19 veirunnar hellast yfir okkur með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Þjóðarbúskapurinn á Íslandi, sem og um heim allan, mun hljóta mikinn skaða af. Undir það verðum við að búa okkur og kallar það m.a. á endurmat á væntingum okkar til síaukinnar hagsældar. Það er ljóst að hægjast mun á hjólum atvinnulífsins og þar með mun geta hins opinbera veikjast til að veita þjónustu og byggja upp innviði. Við þurfum að sætta okkur við þessar aðstæður um einhvern tíma. Án nokkurs vafa munum við samt komast upp úr dalnum og sækja á hæstu tinda, því við viljum búa í velferðarsamfélagi með sem jöfnustum búsetuskilyrðum um land allt. Við höfum forsendur, tækifæri og vilja til að standast allan samanburð við þær þjóðir sem bestum árangri ná.

DRAGÐU ÚR SÝKINGARHÆTTU

VEGNA KÓRÓNUVEIRUNNAR COVID-19 OG ANNARRA FARSÓTTA



Hreinsa hendur með sápu og vatni eða handspritti

Hósta og hnerra í krepptan olnboga eða í pappír



Forðast náið samneyti við fólk sem er með hita, kvef eða flensueinkenni

Gæta hreinlætis og forðast snertingu við augu, nef og munn



Varast snertifleti á fjölförnum stöðum svo sem handrið, lyftuhnappa, snertiskjái, greiðsluposa og hurðarhúna

Heilsa frekar með brosi en handabandi (eða faðmlagi)



Fólk með einkennum kvefs, hita eða inflúensu eftir dvöl á þekktu smitsvæði:
Hringja tafarlaust í 1700 eða nota netspjallið á www.heilsuvera.is



Vilhjálmur Árnason alþingismaður er hér með Aldís Hafsteinsdóttur, formanni sambandsins. Ljós.: Haraldur Guðjónsson Thors



Stefanía Traustadóttir, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, og Stefán Eiríksson þáverandi borgarritari.

Svipmyndir frá fjármálaráðstefnu 2019



Borgarfulltrúarnir Eyþór Laxdal Arnalds og Valgerður Sigurðardóttir



Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, og Agnes Sif Andrésdóttir, skrifstofustjóri fjármála- og reksturs borgarinnar.



Framvarðarsveitin sem tekur brosandí á móti þátttakendum á fjármálaráðstefnu ár hvert. Frá vinstri: Þóra Helgadóttir bókarí, Christina Eremenko starfsnemi, Kolbrún Erna Magnúsdóttir skjalastjóri, Guðmunda Oliversdóttir bókarí, Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari og Ragnheiður Snorradóttir gjaldkeri.

80. árgangur Sveitarstjórnarmála

„Sveitarstjórnarmálin eru hvort tveggja í senn, einn fjölbreyttasti og yfirgripsmesti þátturinn í opinberum málum hverrar menningarþjóðar.


Vald það og starfræksla sú, sem að lögum er lagt í hendur sveitarstjórnanna, er mikið og vandmeðfarið.“

Þetta eru inngangsorðin í fyrsta leiðara

Sveitarstjórnarmála sem Jónas Guðmundsson skrifaði þann 1. september 1941.



Jónas, sem var einn helsti frumkvöðull að stofnun Sambands Íslenskra sveitarfélaga og fyrsti formaður þeirra, lýsir þeirri von sinni í leiðara tímaritsins að „innan skamms megi takast að koma á fót félagi Íslenskra sveitarstjórnarmanna, sem þá að sjálfsögðu tæki við útgáfu ritsins og setti því ritstjórn, en sú er venjan um svipuð rit annars staðar, þar sem ég hef haft spurnir af.“

Í lok leiðarans segir Jónas „Ég legg svo framtíð þessa rits í hendur Íslenskra sveitarstjórnarmanna í hreppum og kaupstöðum landsins. Ég er í engum efa



um, að þeim muni takast að gera það að tengilið sín í milli í öllu því, sem mestu máli skiptir í hinu þýðingarmikla starfi þeirra.“

Það má segja að Jónas hafi lagt góðan grunn að útgáfu tímaritsins því í ár gefur Samband Íslenskra sveitarfélaga út 80. árgangur tímaritsins og er tímaritið



Sveitarstjórnarmál eitt elsta tímarit landsins.

Jónas Guðmundsson og Unnar Stefánsson ritstýrðu lengst

Jónas Guðmundsson ritstýrði tímaritinu




Jónas Guðmundsson, stofnandi og fyrsti ritstjóri tímaritsins Sveitarstjórnarmála.

meira og minna frá 1941 til ársins 1965 er Unnar Stefánsson tók við. Auk Jónasar hafa eftirtaldir ritstýrt blaðinu: Ólafur B. Björnsson, Björn Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Eiríkur Pálsson, Guðni Guðnason, Guðjón Hansen, Þorsteinn Þ. Víglundsson, Erlendur Björnsson, Þorvaldur Árnason, Unnar Stefánsson, Magnús Karel Hannesson, Bragi Bergmann, Valur Rafn Halldórsson, Helga Guðrún Jónasdóttir og Ingibjörg Hinriksdóttir.

Unnar Stefáns ritstýrði Sveitarstjórnarmálum lengst allra en hann var ritstjóri í 38 ár, frá árinu 1965 til 2002 þegar Unnar lét af störfum fyrir aldurs sakir og Magnús Karel Hannesson og Bragi Bergmann tóku við ritstjórn. Jafnframt var útgáfan flutt norður til Akureyrar. Árið 2018 er tímaritið tekið aftur heim til sambandsins og Valur Rafn Halldórsson og Helga

Guðrún Jónasdóttir tóku við ritstjórn en Valur Rafn og Ingibjörg Hinriksdóttir ritstýra 80. árgangi ritsins.



Unnar Stefánsson, ritstýrði Sveitarstjórnarmálum lengst allra, í 38 ár frá 1965 til 2002.

Akstursþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgar- svæðinu: Samvinnuverkefni með ábyrgðarvanda

Sigurbjörg Fjölisdóttir, verkefnastjóri gæða og þróunar hjá Mosfellsbæ



Sigurbjörg Fjölisdóttir

Á þessum tímamarki er núverandi samningur sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um akstursþjónustu fatlaðs fólks að renna sitt skeið. Ákveðið hefur verið að framlengja samninginn til að minnsta kosti sex mánaða, en undirbúningur nýs útboðs hefur tekið lengri tíma en gert var ráð fyrir, meðal annars vegna ákvörðunar Hafnarfjarðarbæjar um að taka ekki þátt í áframhaldandi samstarfi. Skrifað var undir núverandi samning á miðju árinu 2014 og tók hann gildi 1. janúar 2015. Tóku öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, utan Kópavogs, þátt í útboði um þjónustuna. Meginmarkmið þess að hefja samvinnuna voru tvö. Hið fyrra var að svara kalli notenda og hagsmunasamtaka um samnýtingu ferða með farþega sem tilheyrðu mismunandi sveitarfélögum. Hið seinna var að ná fram fjárhagslegri hagræðingu.

Eins og sást í fréttum í upphafi árs 2015 var margt sem fór úrskeiðis í þessu sameiginlega verkefni, svo sem þegar farþegar „týndust“ á ferðalagi sínu um höfuðborgina eða starfsfólki með þekkingu var sagt upp. Í öllu því ferli


virðist ekki hafa verið ljóst hver bæri ábyrgð á þeim ákvörðunum sem voru teknar, eða ekki teknar, sem og hver ætti að vera í forsvari fyrir verkefnið. Með orðum Donald F. Kettl: „Ef allir eru við stjórnvölinn, er þá nokkur við stjórnvölinn?“.

Það að engin ein stofnun sé í forsvari fyrir verkefni sem og þegar þjónusta er úthýst til annarrar stofnunar þýðir að hin hefðbundna ábyrgðarkeðja hefur tekið breytingum, keðja sem alla jafna er nokkuð einföld í framkvæmd. Mynd 1 sýnir hið flókna skipulag verkefnisins þar sem má sjá bæjarstjóra í tvöföldu hlutverki, annars vegar í samráðshópi SSH (stjórn SSH) og hins vegar sem eigendur byggðasamlagsins Strætó. Engar ákvarðanir um verkefnið eru teknar nema að höfðu samráði við og að fengnu samþykki frá bæjarstjórum. Sveitarfélögin sem eiga hlut í verkefninu eru misstór,


með íbúafjölda frá tæplega 5.000 upp í 130.000 og getur stærsta sveitarfélagið, Reykjavíkurborg, auðveldlega sett sig í ráðandi stöðu gagnvart minni sveitarfélögum í verkefninu.

”

Engar ákvarðanir um verkefnið eru teknar nema að höfðu samráði við og að fengnu samþykki frá bæjarstjórum.



Mynd 1



Mynd 2

Auk flækjustigs gagnvart ákvarðanatöku sem snýr að verkefninu sjálfu er innra skipulag Strætó einnig flókið og þurfa handhafar eigendavaldsins meðal annars að bera allar stærri ákvarðanir um starfsemi Strætó undir sveitarstjórn sína. Skipulagið má sjá á Mynd 2 sem sýnir hina flóknu ábyrgðakeðju innan Strætó.

Hafa markmiðin tvö náðst?

Til þess að hægt sé að samnýta ferðir farþega sem búa í síthvoru sveitarfélaginu þurfa þau sveitarfélög að vera í samstarfi um þjónustuna. Íbúar Kópavogs geta ekki samnýtt ferðir með öðrum þar sem Kópavogsbær er ekki aðili að verkefninu. Með brotthvarfi Hafnarfjarðar munu íbúar þeirra ekki geta samnýtt ferðir með öðrum. Þetta markmið er því að hluta til uppfyllt. Varðandi fjárhagslega hagræðingu er erfiðara að segja til um. Hafnarfjörður hefur sagt sig frá verkefninu þar sem kostnaður jókst við þátttöku í verkefninu og telja fulltrúar bæjarins sig geta rekið þjónustuna á hagkvæmari hátt án samreksturs. Kostnaður sveitarfélaganna hefur vissulega aukist en einnig hefur ýmislegt breyst með nýju verkefni, svo sem þjónustustigið hækkað ásamt því að nýir bílar voru teknir í notkun sem uppfylltu nýja öryggisstaðla. Erfitt er því að meta hið raunverulega fjárhagslega hagræði. Líklega verðum við að bíða og sjá hvernig kostnaður Hafnarfjarðar við þjónustuna muni verða í framtíðinni til að segja til um það.

Heimildir:

Bovens, M. (2007). Public accountability. Í E. Ferlie, L.E. Lynn Jr. og C. Pollitt (Ritstj.), *The Oxford Handbook of Public Management* (bls. 182-208). Oxford: University Press.

Kettl., D.F. (2006). Managing boundaries in American administration: The collaboration imperative. *Public Administration Review*, 66, 10-19.

Thompson, D.F. (2017). Designing responsibility: The problem of many hands in complex organizations. Í J. van den Hoven, S. Miller og T. Pogge (Ritstj.), *The Design Turn in Applied Ethics* (bls. 32-56). Oxford: University Press.

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HÝSINGU
OG REKSTUR TÖLVUKERFA
FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI
www.tris.is - 480-3300

TRS

Ein heild í þína þágu

Finum samnefnara!

Nær helmingur þátttakenda tengdust í gegnum Skype á tengiliðafundi um loftslagsmál og heimsmarkmiðin sem fram fór í Mosfellsbæ í byrjun mars



Séð yfir fundarsalinn þar sem voru um 25 manns. Ljósni.: Ingibjörg Hinriksdóttir



Héðinn Unnsteinsson, ráðgjafi hjá Capacent, flutti magnaða ræðu um sóknaráætlanir og heimsmarkmiðin.

Finum samnefnara var yfirskrift tengiliðafundar um loftslagsmál og heimsmarkmiðin sem fram fór í Mosfellsbæ föstudaginn 6. mars sl.

Unnt hefur verið að fylgjast með öllum tengiliðafundunum í gegnum Skype en að þessu sinni kaus nær helmingur þátttakenda að taka þátt í fundinum með þeim hætti, alls tengdust 21 fundinum á þann hátt. Í salnum sátu um 25 þátttakendur.

Fundurinn þótti takast mjög vel en þar kynnti m.a. Arnar Jónsson, staðgengill bæjarstjóra, stefnu Mosfellsbæjar og

innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og Tómas G. Gíslason umhverfisstjóri sagði frá endurskoðaðri umhverfisstefnu Mosfellsbæjar. Anna G. Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, og Ásta Bjarnadóttir, formaður verkefnisstjórnar forsætisráðuneytisins um heimsmarkmiðin fluttu innleiðingafréttir. Loks sagði Theódóra S. Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri hjá ISAVIA frá samvinnuverkefni fyrirtækisins með sveitarfélögum á Suðurnesjum um heimsmarkmiðin og innleiðingu þeirra.



Ásta Bjarnadóttir, formaður verkefnisstjórnar forsætisráðuneytisins, um heimsmarkmiðin.

Þá flutti Héðinn Unnsteinsson, ráðgjafi hjá Capacent, erindi þar sem hann spurði hvort sóknaráætlanir væru grunnurinn að forgangsröðun sveitarfélaga?



LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA ohf.
Borgartúni 30 • Pósthólf 8100 • 128 Reykjavík
www.lanasjodur.is • lanasjodur@lanasjodur.is
sími: 515 4949 • fax: 515 4903

Opið fyrir tilnefningar til íslensku menntaverðlaunanna



Íslensku menntaverðlaunin er viðurkenning fyrir framúrskarandi skólustarf, menntaumbætur og þróunarverkefni. Markmið verðlaunanna er að auka veg menntaumbótastarfs og vekja athygli samfélagsins á metnaðarfullu og vönduðu skóla- og frístundastarfi með börnum og unglíngum. Verðlaunin eru veitt í þremur aðalflokkum:

- Framúrskarandi skólustarf eða menntaumbætur
- Framúrskarandi kennari
- Framúrskarandi þróunarverkefni

Að auki er veitt hvatning til einstaklings, hóps eða samtaka sem stuðlað hafa að menntaumbótum er þykja skara fram úr. Tilnefningar skulu hafa borist fyrir 1. júní ár hvert í gegnum vefsíðuna www.skolathroun.is/menntaverdlaun/.

Einnig má senda tilnefningarnar í pósti á póstfangið:

*Samtök áhugafólks um skólaþróun
Pósthólf 30
270 Mosfellsbær
(Merkið umslagid: Íslensku menntaverðlaunin)*

Tilnefningum skal fylgja skriflegur rökstuðningur.

Viðurkenningarráð (sjá hér) velur þrjár til fimm tilnefningar í hverjum flokki til kynningar á alþjóðadegi kennara 5. október.

Stefnt er að því að veita verðlaunin við hátíðlega athöfn í nóvember.

Kjarasamningar við BSRB og Sjúkraliðafélag Íslands

Samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og samninganefnd fjórtán bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB undirrituðu nýjan kjarasamning í byrjun mars.



Kjarasamningurinn er gerður í anda Lífskjarasamningsins sem gildir á almennum vinnumarkaði. Verði samningurinn samþykktur mun hann gilda frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2023.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn meðal félagsmanna bæjarstarfsmannafélaganna mun liggja fyrir þann 23. mars.

Samið við Sjúkraliðafélag Íslands

Samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sjúkraliðafélags Íslands innan BSRB undirrituðu einnig nýjan kjarasamning við Sjúkraliðafélag Íslands vegna starfsmanna sem vinna hjá Akureyrarbæ. Kjarasamningurinn er gerður, eins og fyrri samningar, í anda Lífskjarasamningsins sem gildir á almennum vinnumarkaði. Verði samningurinn samþykktur mun hann gilda frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2023.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu um samninginn mun liggja fyrir 25. mars.

Blönduð leið í rafkyntar dreifiveitur – sjóvarmi og lífmassi

Höfundur: Ragnar Ásmundsson, Varmalausnum ehf.



Frá Ísafirði. Ljós.: Aron Gestsson á Unsplash.



Ragnar Ásmundsson

Húshitun er yfirleitt ekki vandamál á Íslandi, enda búum við flest við jarðvarma og ef hann er ekki til staðar þá er kynt með raforku og í undantekningartilfellum með olíu. Vegna mikils kostnaðar við rafhitun er hún niðurgreidd af ríkissjóði til lögheimila. Varmadætur hafa víða verið notaðar til þess að spara raforku

og nýlega var 10 MW sjóvarmadælustöð reist í Vestmannaeyjum til að spara umtalsverða raforku sem áður fór beint til hitunar á vatni í dreifiveitu. Sjórinn í Eyjum er hlýr á héraðslenda mælikvarða og nýtni varmadælna í kaldari sjó er ekki eins mikil á Vestfjörðum og Austurlandi, sérstaklega ef gerð er krafa um að hita

Nánari lýsing

Gefum okkur að til sé þéttbýli við sjávarsíðu sem hefur dreifiveitu sem annar húshitun til helstu stofnana sveitarfélags, þar með talin íþróttahús og sundlaug. Kostnaður við rafhitun í dreifiveitunni er óheppilega mikill þrátt fyrir niðurgreiðslur eða góðan raforkusamning. Hvað er til ráða?


Staðreynd: Sjóhiti sem notaður er í Vestmannaeyjum er nánast stöðugur við 7,8 °C allt árið. Frá Vestfjörðum og austur um land getur lægsti sjóhiti við strendur farið niður undir 1 °C.

vatn í nær 80 °C, eins og við eigum að venjast frá jarðvarmanum. Húshitunarkostnaður er of hár á þessum stöðum (og víðar) og við þurfum að finna ódýrari aðferðir til kyndingar án þess að tapa þeim lífsgæðum sem við búum við.

Hér er bent á leið til að nýta varma frá sjó sem er kaldari en við Vestmannaeyjar til upphitunar vatns en samt sem áður með svipaðri hagkvæmni og þar er nú gert. Þetta næst með því að hita vatnið ekki eins hátt með varmadælunum en skerpa svo á því með lífmassaofnum. Lífmassaofnar eru gjörþekktir erlendis en nýjung á Íslandi með tilkomu framleiðslu á viðarperlum í umtalsverðu magni á Eskifirði (sjá einnig nýlega umfjöllun í Bændablaðinu, 5. mars bls. 40).

Lausn

Varmadæla gæti með hagkvæmum hætti nýtt sér varma úr köldum sjó ef ekki er gerð krafa um upphitun í hæstu hitastigin, t.d. einungis í 65°C (til samanburðar við 77 °C í Vestmannaeyjum). Lífmassaofn getur svo skerpt á hitanum upp í 75 °C. Sá ofn væri einnig til vara ef varmadæla bilar eða við rafmagnsleysi.



Mynd 1. Varmi frá sjó er nýttur í varmadælu til að hita upp vatn. Það vatn er hitað upp enn meira í lífmassaofni.


Kostnaður

Hægt væri að nota lífmassaofn alfarið til hitunar (án varmadælu) ef viðarperlurnar væru á hagkvæmu verði. Slíkar forsendur eru á Neskaupstað vegna nálægðar við framleiðsluna á Eskifirði. Í flestum öðrum bæjum þyrfti að fara blandaða leið, þ.e. varmadælur og lífmassaofn, til að hagkvæmni náist. Búið er að skoða þessa leið nokkuð ítarlega á Seyðisfirði í Evrópuverkefninu SMARTrenew. Án þess að rekja tæknilausnir hér nákvæmlega, þá kostar slík samsett lausn um 200 Mkr og rekstrartekjur væru 22 Mkr við tiltekna sviðsmynd sem gefin var í verkefninu. Ekki var tekið tillit til niðurgreiðslna í þeim útreikningum, enda hita rafkyntu dreifiveiturnar oft að stærstum hluta húsnæði í eigu ríkis eða sveitarfélaga, sem ekki njóta niðurgreiðslna. Hagkvæmni svona verkefnis er hæglega innan við 15 ár.

Lokaorð

Með blandaðri leið er hægt að anna nánast allri orkuþörf til hitunar með varmadælum og fá þá orku sem upp á vantar frá viðarperlum. Nýting þeirra styður við skógrækt í landinu.

Upplýsingasiða sambandsins vegna COVID-19 kórónaveirunnar



Faraldurinn COVID-19 af völdum nýrrar kórónaveiru hefur verið að breiðast hratt út. Staðfest er að veiran smitast milli manna og að hún getur valdið alvarlegum veikindum. Í ljósi þessa lýsti embætti ríkislögreglustjóra yfir neyðarstigi almannavarna í samráði við sóttvornarlækni og embætti landlæknis vegna COVID-19.

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út viðbragðsáætlun fyrir sambandið sem þjónar þeim tilgangi að vera stjórnendum sambandsins til stuðnings um það hvernig takast eigi á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum. Viðbragðsáætluninni er ætlað að segja fyrir um viðbrögð innan sambandsins í kjölfar heimsútbreiðslu influensu.

Á þessari síðu hefur sambandið einnig safnað saman upplýsingum er varða sveitarfélögin sem og upplýsingar sem margar hverjar eru aðgengilegar eru á vef Landlæknisembættisins eða Almannavarna.

Slóðin á síðuna er: www.samband.is/covid-19.

Sjálfbóðaliðar innan sveitarfélaga í Evrópu og á Íslandi

Höfundur: Óli Örn Atlason, starfsmaður í æskulýðsteymi Erasmus+ hjá Rannís



European Solidarity Corps er áætlun á vegum Evrópusambandsins fyrir ungt fólk á aldrinum 18-30 ára til að taka þátt í sjálfbóðaliðastörfum víðs vegar í Evrópu. Þessi sjálfbóðaliðaverkefni snúast um að aðstoða fólk og samfélög, þau eru yfirleitt erlendis en í þessari nýju áætlun er einnig mögulegt að taka þátt í innlendum sjálfbóðaliðastörfum. Ungu fólk getur tekið þátt í sjálfbóðaliðastörfum frá

tveimur mánuðum í allt að tólf mánuði. Það er einnig mögulegt fyrir ungt fólk sem stendur höllum fæti að fara í styttri verkefni sem geta staðið yfir í 2-8 vikur.

Sjálfbóðaliðastörf eru óeigingjarnt framlag einstaklingsins til að láta gott af sér leiða og við þekkjum þetta vel í íslenskum raunveruleika í tengslum við framlag þjögungarveitanna, Rauða krossins og íþróttafélaganna til samfélagsins. Einnig þekkjum við þetta í tengslum við íþrótt og æskulýðsstarf þar sem t.d. foreldrar koma að þeirri starfsemi með einum eða öðrum hætti.

Sjálfbóðaliðastörf hafa verið hluti af Erasmus+ áætluninni og fyrri áætlun allt frá 1996 og fram til ársins 2016 þegar Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins taldi rétt að búa til sér áætlun um sjálfbóðaliðastörf. Þessari nýju áætlun var ætlað að mæta meðal annars flóttamannavandanum í Evrópu sem og atvinnuleysisvanda sem ungt fólk stóð frammi fyrir. Einkunnarorð áætlunarinnar er „Solidarity“ eða samstaða sem er lýsandi fyrir megin inntak hugmyndafræði sjálfbóðaliðastarfa þar sem ungt fólk ferðast á milli landa í þeim tilgangi að gefa af sér en ekki síður til að kynna löndum, menningu og þjóð.



Óli Örn Atlason



INKASSO

Frá upphafi sjálfboðaliðaáætlunarinnar árið 1996 hafa samtök á Íslandi fengið til sín sjálfboðaliða sem hafa sinnt ýmsum verkefnum eins og hreinsun strandlengjunnar víða í kringum landið og einnig tekið þátt í lagningu göngustíga víða í þjóðgördum. Einnig hafa sjálfboðaliðar sinnt ýmsum öðrum verkefnum t.d. með fötluðum og í ýmsum verkefnum á vegum Rauða krossins.

Um þessar mundir eru nokkur sveitarfélög að kynna sér möguleikann á því að taka þátt í áætluninni með því að bjóða velkomna sjálfboðaliða sem munu koma inn í æskulýðsstarf og e.t.v. fleiri störf á vegum sveitarfélaganna. Í löndunum í kringum okkur er komin löng og góð reynsla af því að vera með erlenda sjálfboðaliða í félagsmiðstöðvum og ungmennahúsum til að auka við fjölbreytni í starfseminni með áherslu á gagnsemi og gildi fyrir sjálfboðaliðann og unga fólkið sem tekur þátt í starfinu.

Þá er einnig mikilvægt fyrir ungmenni á Íslandi að vita af möguleikanum að taka þátt í sjálfboðaliðastörfum í Evrópu sem hluti af þroskaferli þeirra og kynnast öðrum menningarheimum. Það liggur því beinast við að besta kynningin á sjálfboðaliðastörfum er ungt fólk sem er sjálft að sinna þannig verkefnum. Til þessa hafa hlutfallslega fá íslensk ungmenni notfært sé möguleikann á því að fara sem sjálfboðaliðar en þau sem gera það koma öll til baka og segjast munu lifa á reynslunni alla ævi.

Þau samtök og sveitarfélög sem hafa hug á að taka þátt í European Solidarity Corps áætluninni þurfa að sækja um gæðavottun fyrir það verkefni sem ætlunin er að senda inn umsókn fyrir. Í framhaldinu er send inn umsókn og styrk til verkefnisins. Áður en eiginleg verkefnisumsókn er send inn.

European Solidarity Corps áætlunin snýst um persónulega og faglega þróun einstaklingsins, að hjálpa öðrum, gefa af sér og víkka sjóndeildarhringinn.. Þau ungmenni sem taka þátt í áætluninni öðlast sjálfstæði ásamt því að auka tungumálafærni og samstarfshæfni. Þau kynnast og tengjast menningu landsins, nota sína færni eða hæfni til uppbyggingar og takast á við margskonar áskoranir sem gera þau hæfari til samfélagslegrar þátttöku. Að taka þátt í sjálfboðaliðastörfum gefur þeim innsýn inn í líf annarra, nýja menningarheima, gildi og hefðir ólíkra landa.



Hefur þitt sveitarfélag áhuga á að kynna sér möguleika á að fá sjálfboðaliða frá Evrópu?

Ungir sjálfboðaliðar koma oftar en ekki með nýja sýn, auðga starfið og öðlast sjálfir nýja reynslu og fá möguleika á að fræðast um menningu annarra Evrópulanda. Erasmus+ og European Solidarity Corps veita styrki til verkefna tengdu ungu fólki og starfsmönnum í æskulýðsstarfi. Kynnið ykkur möguleikana á www.erasmusplus.is



Nýtt í verkfærakassa sveitarfélaganna

Lands- og landshlutaáætlanir í skógrækt

Sveitarfélögin bera mikla ábyrgð og eru í lykilhlutverki hvað varðar að setja sér markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aukna bindingu kolefnis. Ein mikilvægasta leiðin til að binda kolefni er skógrækt.

Í nýlegum lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 segir að eigi sjaldnar en á fimm ára fresti skuli gefa út landsáætlun í skógrækt, sem gildi til tíu ára í senn. Landsáætlunin skal kveða á um stefnu stjórnvalda þar sem fjallað er um stöðu og framtíð skóga í landinu, ásamt tölusettum markmiðum um árangur í skógrækt. Í samræmi við ofangreind lög skipaði Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, verkefnisstjórn landsáætlunar í skógrækt í júní á sl. ári. Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri er formaður verkefnastjórnarinnar. Einn fulltrúi er tilnefndur af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs Reykjavíkur.

Við gerð landsáætlunar í skógrækt skal horft til þess að ná fram hagkvæmri

notkun fjármagns og mannafla og samþættingu við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga. Nánar tiltekið skal í áætluninni gerð grein fyrir:

- forsendum fyrir vali á landi til skógræktar með tilliti til náttúruverndar, minjaverndar og landslags
- vernd og endurheimt náttúruskóga
- ræktun skóga til uppbyggingar skógarauðlindar og umfangi og horfum hvað varðar nýtingu
- sjálfbærri nýtingu skóga
- áhrifum skógræktar á atvinnuþróun og byggð
- aðgengi fólks að skógum til útivistar
- skógrækt í samhengi líffræðilegrar fjölbreytni
- skógrækt í samhengi loftslagsbreytinga
- öflun þekkingar á skógum og skógrækt og miðlun hennar

- eftirliti með ástandi og nýtingu skóga
- eldvörnum og öryggismálum

Tengsl við aðrar áætlanir

Skógræktin skal síðan í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, skógarbændur og aðra hagsmunaaðila vinna landshlutaáætlanir, þar sem stefnan sem fram kemur í landsáætluninni er útfærð nánar. Í landshlutaáætlunum skal tilgreina skóga og skógræktarsvæði, aðrar áherslur í skógrækt sem fram koma í skipulagsáætlunum og lagasetningu og hvernig samstarfi við sveitarfélög um skógrækt verði háttað.

Tengsl skógræktar við aðrar áætlanir og stefnur ríkis og sveitarfélaga eru margvísleg. Efst á baugi er áætlun íslenska ríkisins um kolefnishlutleysi

árið 2040. Það er augljóst varðandi umhverfismálin að sveitarfélögin verða að setja sér skýr markmið um annars vegar samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og hins vegar aukna bindingu kolefnis. Kolefnisbinding í skógum er ein af mörgum aðgerðum til að verjast loftslagsbreytingum og bæta ræktarlandið í leiðinni. Vannýtt tækifæri liggja í hvers kyns landbúnaði, hvort sem það er í kvikfjárrækt, ræktun nytjaplantna, skógrækt eða öðrum búgreinum.

Mikilvægt er að ekki séu sett svo ströng skilyrði um skógrækt í sveitarfélögum að þau fæli landeigendur frá því að nýta tækifærin sem í skógrækt felast. Skógrækt á landbúnaðarlandi er fullgild búgrein. Ákvörðun um skógrækt á tilteknu landi er ekki ákvörðun um aldur og ævi. Nytjaskógrækt getur hentað tímabundið

á tilteknum landskika en skóginum má breyta í akurlendi eða tún í framtíðinni. Til dæmis má rækta ösp í 25 ár, uppskera þá iðnvið og jafnvel smíðavið en skipta að því búnu yfir í annars konar ræktun. Með réttum tækjum má fjarlægja rætur og eftir stendur frjósamur jarðvegur sem skógurinn hefur skapað.

Samráð vegna landsáætlunar og landshlutaáætlunar

Við mótun landsáætlunar og landshlutaáætlunar verður haft beint samráð við alla hlutaðeigandi með sameiginlegum fundum og/eða skriflega. Búist er við því að drög að landsáætlun verði tilbúin og auglýst til umsagnar um mitt næsta sumar. Að öllu óbreyttu mun ráðherra samþykka landsáætlun í skógrækt fyrir árslok 2020.

Landsáætlun í skógrækt...

- skal unnin af sjö manna verkefnisstjórn sem skilar tillögu til ráðherra
- skal skipuð m.a. einum fulltrúa tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- verður stefnumótandi áætlun til tíu ára, uppfærð eigi sjaldnar en á fimm ára fresti
- verður útfærð með landshlutaáætlunum í samráði við hagsmunaaðila
- er vettvangur til samráðs um skóga, skógvernd og skógrækt í landinu
- tekur tillit til náttúruverndar, minjaverndar, landslags og fleiri þátta
- verður kynnt opinberlega í ferlinu og öllum gefið færi á athugasemdum

Fylgstu með á **skogur.is**

STÖNDUM SAMAN AÐ MÓTUN LANDS- OG LANDSHLUTAÁÆTLANA Í SKÓGRÆKT!



Grindvíkingar vöknudu upp við vandan draum

Garðar H. Guðjónsson ræðir við Fannar Jónasson, bæjarstjóra í Grindavík, um viðbrögðin við landrasi, jarðskjálftum og hugsanlegri hættu á eldgosi í nágrenni bæjarins

Þegar Grindvíkingar tóku á sig náðir eftir vel heppnað þorablót bæjarbúa aðfaranótt sunnudagsins 26. janúar síðastliðinn voru þeir grunlausir um að bærinn þeirra yrði á allra vörum daginn eftir og efni allra helstu fréttu í fjölmiðlum. Þá gerðu vísindamenn opinbert að dagana á undan hefði mælst óvenjulega mikið landris við fjallið Þorbjörn og ekki þótti útilokað að orðið hefði kvikusöfnun sem gæti leitt til eldsumbrota í nágrenni Grindavíkur.

Allar viðvörunarbjöllur hófu að klingja og almannavarnir, vísindamenn og viðbragðsaðilar fóru í viðbragðsstöðu. Fannar Jónasson, bæjarstjóri Grindavíkurbæjar, var ræstur út að morgni sunnudagsins.

„Þarna hófst alveg ótrúleg atburðarás sem knúði okkur til að bregðast við með ýmsum hætti, ekki síst með yfirferð og endurskoðun allra viðbragðs- og rýmingaráætlana og mikilli og stöðugri upplýsingagjöf til íbúa. Ég og slökkviliðsstjóri vorum kallaðir til fyrir klukkan níu á sunnudagsmorgninum og beðnir að mæta strax á fund í samhæfingarmiðstöð almannavarna í Skógarhlíðinni þar sem saman var kominn um 25 manna hópur frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, vísindamenn Veðurstofunnar, björgunarsveitarfólk og margir fleiri.

Okkur var greint frá því að undanfarna daga, eða frá 21. janúar, hefði mælst greinilegt og óvenju mikið landris fyrir vestan Þorbjörn í átt að Eldvörpum, sem er gígaröð utar á Reykjanesinu. Þegar leið á daginn fjölgaði fólki í Skógarhlíðinni og voru þar staddir um 100 manns meira og minna allan daginn,“ segir Fannar í samtali við blaðamann Sveitarstjórnarmála.

Voru ekki viðbúin eldgosi

Vegna þessarar atburðarásar var lýst yfir óvissustigi almannavarna en það er gert þegar grunur vaknar um að eitthvað sé að gerast af náttúru- eða mannavöldum sem á síðari stigum gæti leitt til þess að heilsu og öryggi fólks, umhverfis eða byggðar sé ógnað.

Land hélt áfram að rísa dagana eftir að tíðindin bárust og jörð skalf ákaft. Talsverður ótti greip um sig meðal hluta íbúanna og segir Fannar að frá upphafi hafi verið lögð áhersla á að upplýsa íbúa

”

Það skiptir gríðarlega miklu máli við aðstæður sem þessar að veita góðar upplýsingar og raunar það eina sem er í okkar valdi á slíkum stundum, auk þess að fara yfir allan viðbúnað.”

bæjarins um stöðu og framvindu mála og hugsanleg viðbrögð ef til tíðinda skyldi draga.

„Þetta reyndi verulega á sveitarfélagið og íbúa þess. Það kom í ljós að við vorum ekki nægilega vel búin undir að bregðast við náttúruvá af þessu tagi. Við vorum með viðbragðsáætlanir fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess vegna hættu á eldsvoðum, flóðum og fleiru en ekki vegna eldgosa eða jarðskjálfta. Það var gert ráð fyrir kafla um eldgos í áætlunum fyrir svæðið en sá kafla hafði einfaldlega ekki verið skrifaður nema að litlu leyti. Því hófst strax mikil vinna við gerð og endurskoðun allra viðbragðsáætlana. Það reyndist vera mikið verkefni sem við unnum í samráði við Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, lögreglustjóran á Suðurnesjum, vísindasamfélagið, Veðurstofuna og viðbragðsaðila, bæði hér heima í Grindavík og á landsvísi. Öll



Vinabæjarsamningur staðfestur við Uniejów í Póllandi í nóvember 2019. Á fimmta hundrad Pólverjar búa í Grindavík og þurftu að hlúa sérstaklega að þeim.

vinna okkar hjá sveitarfélaginu beindist að þessu dagana eftir 26. janúar,” segir Fannar.

Fjölsóttur íbúafundur

Þann 27. janúar var boðað til íbúafundar í íþróttahúsinu til þess að upplýsa bæjarbúa um stöðu mála. Fundurinn var geysilega fjölsóttur. Um 1.200-1.400 manns komu til fundarins en tveir aðilar streymdu honum jafnframt á netinu og fékk útsendingin gríðarlega mikið áhorf. Fannar segir að um 90.000 manns hafi fylgst með útsendingunni og skoðað á YouTube. Berlega kom í ljós í fréttum fjölmiðla að sumir íbúanna voru óttaslegnir og því mikilvægt, að sögn Fannars, að vanda alla upplýsingagjöf.

„Fundurinn heppnaðist vel. Við og

íbúarnir fengum þar góðar og gagnlegar upplýsingar frá sérfræðingum, meðal annars fólki frá Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnun Háskólans, Landsbjörg og lögreglunni. Það skiptir gríðarlega miklu máli við aðstæður sem þessar að veita góðar upplýsingar og raunar það eina sem er í okkar valdi á slíkum stundum, auk þess að fara yfir allan viðbúnað.

Það síðarnefnda var meginverkefni okkar á næstu dögum. Við kölluðum saman forstöðumenn og deildarstjóra allra stofnana sveitarfélagsins og funduðum stíft. Allt var gert til að flýta fyrir gerð viðbragðs- og rýmingaráætlana fyrir stofnanir sveitarfélagsins. Þær voru að mörgu leyti ágætlega búnar undir ýmiss konar vá en ekki þær aðstæður sem þarna voru uppi. Við fórum yfir

”

Það vögnuðu ýmsar spurningar hjá fólki. Ógnin af landrиси, jarðskjálftum og jafnvel eldgosi í grennd við byggðina var ansi raunveruleg og nálæg. Við stóðum frammi fyrir því að þurfa jafnvel að rýma bæinn og þá er að mörgu að hyggja.”

alla hugsanlega vá sem að okkur gæti steðjað og funduðum meðal annars með sóttvarnalækni vegna Covid19 veirunnar. Þetta hefur gert það að verkum að við erum nú miklu betur búin undir hvers kyns vá af manna völdum og náttúrunnar en við vorum áður og munum búa að þessari vinnu í framtíðinni.“

Vaknað upp við vandan draum

„Ég hygg að fleiri sveitarfélög mættu hugsa sinn gang hvað þetta varðar og geti að mörgu leyti lært af okkar reynslu, enda hef ég fengið fyrirspurnir um okkar viðbrögð frá öðrum sveitarfélögum. Það má segja að við höfum vaknað upp við vandan draum en um leið eru það ákveðin forréttindi að hafa fengið þessa viðvörn og getað nýtt sér hana til undirbúnings án þess að til alvarlegra áfalla hafi komið. Nú erum við á allt öðrum stað en við vorum að morgni 26. janúar. Sveitarfélög á Íslandi hafa á

undanförnum vikum og mánuðum þurft að takast á við margs konar náttúruvá, vonskuveður, sjávarflóð og ofanflóð með tilheyrandi skemmdum á mannvirkjum og innviðum. Við slíkar aðstæður gildir að hafa réttan viðbúnað og vita hvernig á að bregðast við,” segir Fannar.

Pólverjarnir óttaslegnir

Eins og í mörgum sveitarfélögum á Íslandi er hlutfall fólks sem er af erlendu bergi brotið mjög hátt í Grindavík. Af rúmlega 3.500 íbúum eru um 630 af erlendum uppruna. Pólverjar eru þar langfjölmennastir. Fannar segir að bæjaryfirvöldum hafi fljótt orðið ljóst að hlúa þyrfti sérstaklega að þessum íbúum sveitarfélagsins.

„Við höfðum ekki gert okkur sérstaka grein fyrir þessu en uppgötvaðum fljótt að grípa þyrfti til sérstakra ráðstafana vegna útlendinga í bænum. Hér búa



Þann 27. janúar var boðað til íbúafundar í íþróttahúsinu til þess að upplýsa bæjarbúa um stöðu mála. Fundurinn var geysilega fjölsóttur. Um 1.200-1.400 manns komu til fundarins en tveir aðilar streymdu honum jafnframt á netinu og fékk útsendingin gríðarlega mikið áhorf.



Varðskipið Þór í Grindavíkurhöfn. Skipið getur gengt mikilvægu hlutverki við neyðaraðstæður.

um 400 Pólverjar og þetta kom mjög illa við marga í þeim hópi. Pólverjar þekkja ekki vá af þessu tagi. Þeir byggja jafnvel vitneskju sína um jarðskjálfta á myndum úr sjónvarpsfréttum og kvikmyndum. Þar sést að jarðskjálftar geta verið ávísun á hrunin hús og lík út um allt. Sumir nefndu jafnvel að fólk gæti dáið úr jarðgaseitrun frá hrundum byggingum. Hér býr jafnframt nokkuð af Tailendingum, Slóvökum og fólki af ýmsum uppruna.

Við lögðum því strax mikla áherslu á að koma okkur upp túlkapjónustu þannig að útlendingar í bænum hefðu aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum. Það er mikilvægt að hafa í huga að bakland til dæmis Pólverjanna er fyrst og fremst aðrir Pólverjar í sömu stöðu. Við héldum því þrjá kynningarfundir með íbúum af pólskum uppruna til að upplýsa þá um stöðu mála og fara yfir hvaða hætta steðjaði í raun að. Ég held að okkur hafi tekist ágætlega að leysa úr þessu en ég ítreka að við höfðum ekki gert okkur grein fyrir því fyrir fram að huga þyrfti sérstaklega að þessum hópi," viðurkennir Fannar.

Börn og eldri borgarar

Við bæjarbúum blasti sá möguleiki að þurfa hugsanlega að yfirgefa heimili sín og rýma bæinn. Fannar segir að að mörgu hafi verið að hyggja í því sambandi.

„Það vöknudu ýmsar spurningar hjá fólki. Ógnin af landrasi, jarðskjálftum og

jafnvel eldgosi í grennd við byggðina var ansi raunveruleg og nálæg. Við stóðum frammi fyrir því að þurfa jafnvel að rýma bæinn og þá er að mörgu að hyggja. Við þurftum að tryggja að þeir sem hugsanlega þyrftu aðstoð við rýmingu hefðu nauðsynlegar bjargar. Yfir allt þetta var farið vel með björgunarsveitum og forstöðumönnum stofnana, ekki síst forstöðumönnum stofnana fyrir aldraða. Fara þurfti yfir hvaða eldri borgarar hefðu ekki yfir bíl að ráða og kortleggja þurfti heimili í bænum sem hugsanlega þyrfti að aðstoða við rýmingu. Rýmingu skóla og leikskóla þurfti jafnframt að undirbúa vel og tryggja að börnin hefðu forgang við slíkar aðstæður,” segir Fannar.

Hann segir að rýmingaráætlanir hafi að mestu legið fyrir í vikunni eftir að tilkynnt var um vána við Grindavík. Aðspurður um eigin líðan fyrstu vikuna segir Fannar að hann hafi aldrei verið óttasleginn og yfirleitt náð góðum nætursvefni.

„Þetta var heilmikið verkefni sem bæjarstjórn, bæjarstarfsmenn og aðrir þurftu að takast á við og við erum nokkuð ánægð með hvernig til tókst. Við höfðum líka mikinn stuðning frá öflugum teymi almannavarna, lögregluembættu, vísindamanna og viðbragðsaðila. Þeir voru tilbúnir að koma okkur til aðstoðar hvenær sem var,” segir hann.

Innviðir eflidir

Grindvíkingar búa svo vel að hafa þrjár rýmingarleiðir á landi og höfnina að auki

Verkefni slökkviliðs á óvissustigi

Fer yfir þau verkefni sem því eru ætluð á hættu og neyðarstigi og tryggir að lágmarks viðbúnaður sé fyrir hendi til að sinna þeim.

Tryggja að slökkvibifreiðar og annarra björgunarbúnaður sé tiltækur ef á þarf að halda,

Fara yfir hvað mannvirki skal reyna að verja, við það mat skal fara eftir eftirfarandi forgangsröðun:

- Húsnæði þar sem fólk hefst við og ekki er hægt að flytja á öruggan stað.
 - Húsnæði þar sem mikilvæg kerfi eru:
 - Spennistöðvar
 - Hitaveitur
 - Vatnsveitur
 - Símtstöðvar
 - Skolpælar
 - Fjármálastofnanir
 - Hús þar sem búfénaður er hýstur
- Lögreglustjóri tekur endanlega ákvörðun um hvaða húsnæði skal verja.

Úr viðbragðsáætlun vegna eldgoss á Reykjanesi, dags. 7. febrúar 2020



Fjallið Þorbjörn var mikið í sviðssljósinu meðan óvissustig varði við Grindavík í upphafi ársins. Ljósmynd: Kate Haynes á Unsplash

ef allt færi á versta veg. Fannar segir að fljótlega hafi verið haft samband við Landhelgisgæslu Íslands um að fá varðskipið Þór í Grindavíkurbörn en skipið hafði ekki áður lagst þar að bryggju.

„Það var mikilvægt að sjá hvernig skipinu gengi að leggjast hér að bryggju. Við höfum höfnina sem rýmingarleið til þrautavara og þá myndi skipið geta haft mikilvægt hlutverk en skipið myndi jafnframt koma að góðum notum við aðhlyningu fólks ef á þyrfti að halda. Það getur líka séð bænum fyrir varaafli eins og það gerði á Dalvík eftir ofsaveðrið í desember. Áætlanir gerðu ráð fyrir að Þór myndi ekki vera langt undan ef ófremdarástand myndi skapast.

Við höfum jafnframt átt viðræður við HS Veitur um varaafsstöðvar og ættum því ekki að þurfa að lenda í rafmagnsleysi. Það væri hins vegar afar slæmt ef náttúruvá yrði til þess að orkuveitan í Svartsengi gæfi sig. Hún sér öllum Suðurnesjum fyrir heitu vatni og reyndar köldu vatni að mestu leyti líka.”

Fannar segir að í áætlunum hafi verið gert ráð fyrir að fjöldahjálparstöð yrði í Hópsskóla en við nánari athugun hafi komið í ljós að Íþróttahúsið myndi henta betur.

„Það hefur verið þumalputtaregla hjá sveitarfélögum að hafa fjöldahjálparstöðvar í skólum en það

er ekki endilega besti kosturinn. Við ákváðum að við yrðum betur sett í Íþróttamiðstöðinni og höfum keypt varaafsstöð til að tryggja henni rafmagn í neyðartilvikum.

Við höfum jafnframt rætt um að setja upp varanlega rafstöð við dvalarheimilið. Það er að mörgu að hyggja við aðstæður sem þessar og ástæða til að hvetja sveitarfélög til að fara yfir allar mögulegar sviðsmyndir,” undirstrikar Fannar.

Bæjarlífið gengur sinn vanagang

Þegar líða tók á febrúar og framan af mars höfðu allar aðstæður batnað til muna. Hægt hafði á landrisi og

skjálftavirkni hafði færst fjær Grindavík. Fannar segir að fólk hafi almennt róast og voni að hættan sé yfirstaðin þótt talsvert bakslag hafi orðið þegar mjög snarpur jarðskjálfti varð nálægt Grindavík 12. mars síðastliðinn með tilheyrandi eftirskjálftum.

”

Við höfum jafnframt rætt um að setja upp varanlega rafstöð við dvalarheimilið. Það er að mörgu að hyggja við aðstæður sem þessar og ástæða til að hvetja sveitarfélög til að fara yfir allar mögulegar sviðsmyndir.”

“Það er ekkert hik á neinu hér í Grindavík. Bæjarlífið gengur bara sinn vanagang. Fasteignamarkaðurinn tók ekki mikla dýfu og hér er fjöldi íbúða í byggingu. Hér hefur vantað íbúðarhúsnæði. Atvinnulíf og skólahlald er með eðlilegum hætti. Það er mjög ánægjulegt.

Viðbrögðin við þeirri vá sem blasti við í janúar hafa verið sameiginlegt verkefni

sveitarfélagsins, atvinnulífsins, stofnana, viðbragðsaðila og bæjarbúa. Allir hafa hjálpast að. Þessi atburðarás hefur kennt okkur mjög mikið og orðið til þess að við erum mun betur undirbúin er áður. Vonandi var þetta bara ein stór og góð æfing í viðbrögðum. Við erum engu að síður mjög vel meðvituð um hvað getur gerst og reynum að búa okkur undir það eins og við best getum,” segir Fannar.

Hlutverk Samhæfingarstöðvarinnar

Samhæfingarstöðin (SST) er staðsett í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Hlutverk hennar er yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnana jafnt í almannavarnarástandi sem og í öðrum aðgerðum. Flutningur slasaðra milli umdæma og samhæfing allra bjarga á landinu sem eru starfandi utan umdæmis áfallsins. Þegar Samhæfingarstöðin er starfrækt koma saman fulltrúar þeirra eininga sem eru með viðbragðsaðila við störf í aðgerðinni eða aðra hagsmunaaðila. Auk samhæfingar er stöðin ráðgefandi fyrir aðgerðarstjórnir, hún hefur aðgang að vísindamönnum og öðrum sérfræðingum ef á þarf að halda. Þá sér stöðin um samskipti við erlendar bjargir og aðra aðstoð erlendis frá.

Úr viðbragðsáætlun vegna eldgoss á Reykjanesi, dags. 7. febrúar 2020



Sólin við það að tylla sér á fjallið Þorbjörn.

Nýtum þá þekkingu sem er til staðar

Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir og dr. Guðrún Pétursdóttir, Stofnun Sæmundar fróða við Háskóla Íslands, skrifa um leiðbeiningar til sveitarfélaga um viðbrögð við áföllum



Frá jarðskjálftunum á Suðurlandi 2008. Myndina tók Magnús Karel Hannesson á Eyrarbakka.

Í aldanna rás hafa Íslendingar þurft að glíma við afleiðingar náttúruhamfara af ýmsu tagi og gegnum þá reynslu höfum við lært að takast á við samfélagsleg áföll. En aðstæður breytast og við stöndum sífellt frammi fyrir nýjum áskorunum eins og síðastliðnir mánuðir endurspegla. Árið 2020 heilsaði líkt og árið 2019 kvaddi okkur, með vályndu veðurfari, slysum og hamförum. Ofan á það bætist áhætta vegna mögulegra eldgosa og smitsjúkdóma.

Miklu skiptir að taka rétt á málum. Þessari grein er ætlað að vekja athygli á verkefninu Langtíamaviðbrögð við náttúruhamförum (LVN), sem unnið var fyrir meira en áratug í samstarfi við sveitarfélög sem orðið höfðu fyrir

miklum áföllum.¹ Afurð þess samstarfs eru leiðbeiningar til sveitarfélaga um hvernig bregðast má við samfélagslegum áföllum og flýta bata. Leiðbeiningarnar þarf að laga að þörfum hvers samfélags, sem kallar á vissan undirbúning. En þegar á hólminn kemur, oft fyrirvaralaust, geta slíkar leiðbeiningar skipt sköpum. Þær geta hjálpað forsvarsmönnum sveitarfélaga að draga úr áhrifum áfallanna, flýta bata, og auka viðnámsþrótt eða seiglu samfélagsins til langs tíma liðið.

¹ Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir; Langtíamaviðbrögð við náttúruhamförum, Stofnun Sæmundar fróða, Reykjavík 2008.

Bakgrunnur

Hinn 14. janúar 2020 féllu tvö snjóflóð á Flateyri. Þau fóru yfir varnargarða og annað þeirra yfir íbúðarhús þar sem ungrí stúlku var bjargað úr flóðinu, en hitt fór yfir höfnina og eyðilagði mannvirki og báta. Þriðja snjóflóðið féll í Súgandafjörð og olli flóðbylgju sem gekk yfir hluta Suðureyrar. Einungis tveimur dögum síðar voru nákvæmlega 25 ár liðin frá því að snjóflóð féll í Súðavík sem tók fjórtán mannlíf. Síðar sama ár, hinn 26. október 1995, dundu hamfarir yfir Flateyringa með snjóflóði sem kostaði tuttugu manns lífið.

Þessi mannskæðu snjóflóð á Vestfjörðum árið 1995 höfðu djúpstæð áhrif á Íslendinga. Sýnt þótti að gera þyrfti



www.mannvit.is

Árangur í verki

Stuðlum að sjálfbæru samfélagi

Sérfræðingar okkar búa að áratugalangri reynslu á öllum sviðum skipulags-, leyfis- og umhverfismála, húsbýgginga, samgöngumannvirkja og rannsókna. Við bjóðum ráðgjöf á sviði sjálfbærni og innivistar og leitumst við að lágmarka áhrif á umhverfi og samfélag.


MANNVIT

átak til að verja byggðakjarna fyrir svo óbærilegum miska. En hvar skyldi byrja? Í kjölfar snjóflóðsins í Súðavík snerist umræðan á Alþingi fyrst og fremst um betrubætur vegna flóðinnar stjórnsýslu málaflokksins og forvarnir vegna snjóflóða. Stofnuð var nefnd sem falið var að gera tillögur sem tryggðu að vald og ábyrgð færu saman. Í júní 1995 var lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum en þær fólust aðallega í breytingum á tekjuöflun og fjárveitingum ofanflóðasjóðs. Ekki hafði náðst að skila tillögum að frekari úrbótum hvað varðaði vald- og ábyrgðarskiptingu innan stjórnsýslunnar þegar snjóflóðið féll á Flateyri síðar sama haust. Þótt mikið átak hafi verið gert á næstu árum til að reisa varnarmannvirki á ofanflóðasvæðum, fer því fjarri að þeim verkefnum sé lokið. Það sætti harðri gagnrýni eftir snjóflóðin á Flateyri í janúar síðastliðnum, því samkvæmt áætlun um varnarmannvirki sem gerð var eftir snjóflóðin 1995 átti framkvæmdum um land allt að ljúka



Eftir áfall leita íbúar strax til opinberra aðila í sínu nærumhverfi til að fá lausn sinna mála. Sveitarstjórnir eru hins vegar oft hikandi í viðbrögðum, þar sem hlutverk þeirra á meðan á neyðarástandi stendur og yfirfærsla verkefna til sveitarfélaga eru ekki nógu skýrt skilgreind innan almannavarnakerfisins."

fyrir árslok 2010. Fjármagn ætlað Ofanflóðasjóði hefur aðeins að hluta verið nýtt til slíkra framkvæmda og ljóst að með þessu áframhaldi tekur áratugi til viðbótar að ljúka áætluninni.

Þetta endurspeglar þá staðreynd að þrýstingur á úrbætur er alltaf þyngstur fyrst eftir válega atburði. Um allan heim dregur úr drifkrafti mótvægisáðgerða og eftirfylgni þegar frá líður atburðum. Endurtekin áföll af sama toga eru sár og harkaleg áminning um hversu hættulegt það er að sofna á verðinum.

Rannsóknir og leiðbeiningar

Fyrsta fræðilega rannsóknin á áfallastjórnun á Íslandi beindist að viðbúnaði og viðbrögðum við snjóflóðunum á Vestfjörðum 1995.² Síðan hafa bæst við rannsóknir á áfallastjórnun annarra hamfara, m.a. jarðskjálfta og

² Ásthildur E. Bernharðsdóttir (2001) *Learning from past Experiences: The 1995 Avalanches in Iceland*. Swedish National Defence College, Stockholm.

eldgosa. Þessar rannsóknir hafa sýnt að við höfum komið upp góðu skipulagi og þjálfun fyrir leitar- og björgunarstörf. En aðrir þættir áfallastjórnunar, eins og enduruppbygging, hafa ekki notið sömu athygli. Einnig er ljóst að víða skortir á samvinnu milli sveitarstjórna og almannavarna á landsvísu. Eftir áfall leita íbúar strax til opinberra aðila í sínu nærumhverfi til að fá lausn sinna mála. Sveitarstjórnir eru hins vegar oft hikandi í viðbrögðum, þar sem hlutverk þeirra á meðan á neyðarástandi stendur og yfirfærsla verkefna til sveitarfélaga eru ekki nógu skýrt skilgreind innan almannavarnakerfisins.

Brýn þörf fyrir viðbragðsáætlanir sveitarfélaga var kveikjan að rannsóknarverkefninu Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum (LVN) sem unnið var að á árunum 2006-2008 í samvinnu ráðgjafarstofunnar Rainrace og Stofnunar Sæmundar fróða við Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins var að greina hvaða verkefni þarf að vinna eftir náttúruhamfarir til að samfélagið nái bata sem fyrst. Stuðst var við fyrri rannsóknir höfunda þar sem atburðarás í kjölfar fjögurra áfalla, snjóflóða og jarðskjálfta, var rýnd, annars vegar með tilliti til tíma og hins vegar frá sjónarhóli þolenda og viðbragðsaðila.³ Þessu var fylgt eftir með viðtölum við um 200 manns sem á undanföllum áratug höfðu þurft að takast á við afleiðingar þessara náttúruhamfara og byggja upp sín samfélög á ný. Eðli málsins samkvæmt lendir þorri þessara verkefna á borði sveitarfélagsins, - þess aðila sem sér um flesta þætti þjónustu í nærsamfélaginu. Þess vegna þarf að skilgreina verkefni til langs tíma, skýra ábyrgð og deila henni, og undirbúa lykilaðila í stjórnkerfinu undir þau verkefni sem þeir þurfa að takast á við ef til hamfara kemur. Viðbragðsáætlunin þarf að ná alveg frá þeim tíma þegar hamfarirnar dynja yfir og þar til segja má að samfélagið hafi náð það góðum bata að ekki þurfi sértækar aðgerðir lengur. Það getur tekið nokkur ár, þótt þungi aðgerða sé langmestur í upphafi.

3 Auk rannsókna vegna snjóflóðanna árið 1995 var stuðst við rannsóknir vegna Suðurlandsskjálfta árið 2000, sjá Ásthildur E. Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir (2002). *Suðurlandsskjálftar 2000* AVRIK, Reykjavík.



Frá snjóflóðunum á Flateyri í janúar 2020. Ljós.: Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir

Lokaafurðir verkefnisins voru skýrslan Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum og Almennar leiðbeiningar fyrir starfsmenn sveitarfélaga til að flýta endur-uppbyggingu samfélaga eftir hamfarir. Þær eru opnar og öllum aðgengilegar á netinu, en einnig til sölu í Bóksölu stúdenta við Háskóla Íslands.

Reynslan af LVN leiðbeiningunum

Vinnan við LVN var á lokastigi þegar jarðskjálftarnir á Suðurlandi riðu yfir 29. maí 2008. Forsvarsmenn sveitarfélaga á Suðurlandi fengu umsvifalaust aðgang að lokadrögum leiðbeininganna, að ráði formanns Sambands Íslenskra sveitarfélaga og bæjarstjóra í Ísafjarðarbæ, sem þekkti verkefnið vel. Sveitarstjórnir Árborgar og Hveragerðis ákváðu strax að nota leiðbeiningarnar sem verkfæri í þeirri vinnu sem fram

undan var. Lýsti bæjarstjóri Árborgar því síðar hversu ómetanlegt það hafi reynst að geta stuðst við LVN leiðbeiningar í þeirri ringulreið sem óhjákvæmilega skapaðist í byrjun, og að geta stuðst við gátlista þegar skipuleggja þurfti flókin verkefni dagana og vikurnar eftir jarðskjálftana.⁴ Í leiðbeiningunum er gengið út frá því að sveitarfélög hafi unnið viðbragðsáætlanir áður en áfall skellur á, en sveitarstjórnirnar í Árborg og Hveragerði þurftu að semja viðbragðsáætlanir samhliða því sem þær brugðust við þeim áskorunum sem upp höfðu komið við jarðskjálftana.

Síðan þá hafa þessi tvö sveitarfélög unnið sértækar greiningar á mögulegum áhrifum hamfara eða annarra áfalla, og


4 Sjá Ragnheiður Hergeirsdóttir, Kafli VII í *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum*, Stofnun Sæmundar fróða, Reykjavík 2008.

gert áætlanir um hvernig bregðast má við til að efla viðnámsþrótt samfélagsins og flýta bata.

Haustið 2017 var farið af stað með svokallaðar Almannavarnarvikur á Suðurlandi að frumkvæði lögreglustjórans í því umdæmi. Almannavarnarvikur voru haldnar í öllum 14 sveitarfélögum umdæmisins og var stuðst við LVN leiðbeiningarnar í þeirri vinnu. Hún skilaði meðal annars áætlunum um langtíma viðbrögð við samfélagslegum áföllum sem sniðnar voru að hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Árið 2019 stóðu Samband íslenskra sveitarfélaga og Stofnun Sæmundar fróða að könnun á stöðu almannavarnarmála í sveitarfélögum landsins. Einnig var könnuð þekking á LVN og notkun á leiðbeiningunum. Rafræn spurningakönnun var send til forstöðumanna sveitarfélaga um land allt. Svör bárust frá 64 sveitarfélögum (87%), sem má telja mjög gott og gefur góða frumhugmynd um starf sveitarfélaga í almannavarnamálum. Fyrstu niðurstöður sýna að töluvert vantar á að viðbúnaður geti talist viðunandi um land allt. Aðeins 18 sveitarfélög hafa staðfesta viðbragðsáætlun og aðeins 8 sveitarfélög hafa kannað sitt áfallaþol skv. lögum um almannavarnir. Hvað varðar LVN leiðbeiningarnar kannaðist aðeins um þriðjungur sveitarfélaga við þær. Frekari upplýsinga þarf að afla til að sjá hvort og hvernig þær hafa nýst þessum sveitarfélögum við gerð viðbragðsáætlana. En telja má víst að mörg – og jafnvel meirihluti sveitarfélaga – gæti auðveldað sér vinnuna við að efla áfallaþol samfélagsins með því að nýta LVN leiðbeiningarnar.

Vert er að undirstrika að LVN leiðbeiningarnar geta nýst við gerð viðbragðsáætlana vegna ólíkra áfalla, ekki einungis náttúruhamfara, þótt þær hafi verið í brennidepli í rannsóknarvinnunni. Þannig nýtti stjórn Hveragerðisbæjar LVN leiðbeiningarnar við gerð sértækrar áætlunar vegna H1N1 eða svínaflensunnar, sem var skilgreind sem heimsfaraldur af Alþjóða heilbrigðisstofnuninni í júlí 2009. Á Íslandi smituðust þúsundir manna af



Langtíma viðbrögð við náttúruhamförum

Stofnun Sæmundar fróða
Háskóla Íslands

Mynd af kápu skýrslunnar um LVN. Ljós.: Vera Pálsdóttir



COVID-19, kórónaveiran hefur dreifst með miklum hraða um heimsbyggðina og Íslendingar hafa ekki farið varhluta af henni. Myndin er tekin af vef matvælastofnunar Bandaríkjanna, www.fda.gov.

þeirri veiru, sem skapaði mikið álag ekki aðeins á heilbrigðisþjónustuna, heldur á ýmsa aðra opinbera aðila, ekki síst á sveitarstjórnarstiginu.

Flest sveitarfélög sem nýtt hafa LVN leiðbeiningarnar eru á Suðurlandi. Það má eflaust rekja til þess að á þessari öld hafa náttúruhamfarir orðið tíðastar í þeim landshluta. Auk jarðskjálfta árin 2000 og 2008, þurftu sveitarfélög þar að glíma við afleiðingar eldgosa í Eyjafjallajökli 2010 og í Grímsvötnum 2011.

Hagnýting þekkingar grundvallaratriði

Undanfarna mánuði höfum við ítrekað verið minnt á hversu berskjölduð við getum verið gagnvart ýmiss konar áföllum. Óveðrið sem reið yfir landið í desember olli ekki aðeins óþægindum og tjóni, heldur djúpstæðu óryggi hjá þeim sem þurftu að þola rafmagnsleysi dögum saman, með alvarlegum afleiðingum fyrir menn og dýr. Hús kólnuðu, nauðsynlegur vélbúnaður varð ónothæfur og

fjarskiptakerfið datt út. Það gaf forsmekk af því hversu alvarlegri röskun niðurbrot innviða getur valdið. Áföll utanlands geta einnig haft áhrif á daglegt líf á Íslandi, eins og COVID19 veirusýkingin sýnir.

Það skiptir sköpum að draga lærdóm af áföllum sem samfélög verða fyrir. En það nægir ekki eitt og sér. Lærdómurinn verður að leiða til breyttra vinnubragða, eigi samfélög að verða betur í stakk búin til að takast á við áföll í framtíðinni. Þar er enginn undanskilinn. Öll samfélög - öll

sveitarfélög á landinu – geta orðið fyrir áföllum, hvort sem um náttúruhamfarir eða annars konar vá er að ræða. Því er það mikilvægt að öll sveitarfélög á landinu geri áhættumat og viðbragðsáætlanir og skipuleggi hvernig þau geta sem best búið sig undir áföll og byggt samfélagið upp að nýju. Þar stendur þeim öllum til boða að nýta LVN leiðbeiningarnar að vild og án endurgjalds.



Öll samfélög - öll sveitarfélög á landinu - geta orðið fyrir áföllum, hvort sem um náttúruhamfarir eða annars konar vá er að ræða. Því er það mikilvægt að öll sveitarfélög á landinu geri áhættumat og viðbragðsáætlanir og skipuleggi hvernig þau geta sem best búið sig undir áföll og byggt samfélagið upp að nýju.”

Árleg vináttuganga í skólum Kópavogs



Myndirnar sem fylgja greininni eru í eigu Kópavogsbæjar og eru teknar í vináttugöngum árin 2018 hér að ofan og árið 2017 hér til hliðar.

Vináttuganga í skólum Kópavogs fer fram 8. nóvember ár hvert en sá dagur er baráttudagur gegn einelti. Fyrsta gangan var gengin árið 2013 og þá undir yfirskriftinni „Gengið gegn einelti“..

Hvert skólahverfi setur upp dagskrá fyrir sig í tengslum við gönguna. Markmið Vináttugöngunnar er að stuðla að jákvæðum samskiptum, vekja athygli á mikilvægi vináttu og virðingar og

benda á að einelti verður ekki liðið. Gangan eflir samstöðu og vináttu barna og hefur þannig haft jákvæð áhrif á skólastarf í bænum. Með göngunni leggur Kópavogsbær sitt lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn einelti.

Yfir átta þúsund tóku þátt í göngunni í fyrra og ríkti mikil ánægja með hvernig til tókst.





Gríðarleg uppbygging og tækifæri í Sveitarfélaginu Árborg

Garðar H. Guðjónsson ræðir við Tómas Ellert Tómasson, varaformann bæjarráðs Sveitarfélagsins Árborgar

Íbúafjölgun í Sveitarfélaginu Árborg hefur jafnan verið yfir landsmeðaltali og það á ekki síst við um undanfarin ár. Áætlanir okkar gera ráð fyrir að íbúum haldi áfram að fjölga ár frá ári og að íbúar í sveitarfélaginu verði orðnir um 15 þúsund innan tíu ára, þar af 12-13 þúsund á Selfossi. Við erum í óða önn að bregðast við þessari miklu fjölgun íbúa með styrkingu innviða, svo sem byggingu skóla og leikskóla, og teljum að sveitarfélagið verði vel í stakk búið til að taka á móti þessari miklu fjölgun íbúa. Með þessari þróun styrkir Selfoss sig ekki bara í sessi sem höfuðstaður Suðurlands heldur stefnir hraðbyri að því að verða höfuðborg landsbyggðarinnar, segir Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi

í Sveitarfélaginu Árborg, í samtali við Sveitarstjórnarmál. Tómas Ellert er varaformaður bæjarráðs og formaður eigna- og veitunefndar sveitarfélagsins.

Tómas Ellert er bæjarfulltrúi Miðflokksins sem bauð fram til sveitarstjórna í fyrsta sinn í kosningunum 2018.

Í nógu að snúast

Óhætt er að segja að kjörnir fulltrúar og starfsfólk Sveitarfélagsins Árborgar hafi í nógu að snúast þessi misserin því mikil fjölgun íbúa hefur kallað á aukna uppbyggingu innviða og ekki sér fyrir endann á fjölgun íbúa á næstu árum. Mikil uppbygging íbúðarhúsnæðis er

í undirbúningi á Selfossi. Fyrir dyrum stendur mikil endurnýjun og uppbygging fráveitu, auk þess sem bygging skolphreinsistöðvar er í undirbúningi. Bygging er hafin á fjölnota íþróttahúsi á Selfossi sem taka á í notkun í ágúst á næsta ári. Tómas Ellert segir það mjög knýjandi verkefni því eins og staðan er nú þarf að keyra börnum til æfinga í Hveragerði einu sinni í viku og er ekki alltaf greiðfært um veginn undir Ingólfsfjalli að vetri þegar norðanstormar geisa.

Þá má nefna að Vegagerðin vinnur að undirbúningi að tvöföldun Suðurlandsvegur og byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá sem mun gera það

að verkum að umferð um hringveginn færast norður fyrir Selfoss í stað þess að fara í gegnum bæinn. Einnig má geta þess að hafin er bygging nýs miðbæjar í gömlum stíl og fyrirhuguð er gerð 18 holu golfvallar rétt utan við Selfoss.

Fólksflutningar af höfuðborgarsvæðinu

Tómas Ellert segir nokkrar ástæður búa að baki mikilli íbúafjölgun og uppbyggingu í sveitarfélaginu.

„Þetta stappar auðvitað nærri því að vera einsdæmi á landinu, það er einna helst að hægt sé að hafa fjölgun íbúa í Reykjanesbæ til samanburðar. Við náðum 10 þúsund íbúa markinu í lok síðasta árs og þar af búa 8.600 á Selfossi. Þetta skýrist að stórum hluta af nálægðinni við höfuðborgarsvæðið og háu fasteignaverði þar, sem skýrist meðal annars af þéttingarstefnunni í borginni. Fólk á höfuðborgarsvæðinu hefur séð sér

leik á borði og selt íbúðir þar en keypt sér stærri fasteignir á Selfossi. Margir hafa jafnframt flutt hingað utan af landi, fólk sem vill búa í grennd við höfuðborgina og starfar þar.

Yfir fimmtungur íbúa á Selfossi starfar á höfuðborgarsvæðinu og stór hluti þeirra hefur háskólamenntun. Við erum mjög ánægð með áherslu yfirvalda á störf án staðsetningar því hluti þeirra sem hér búa munu njóta góðs af því þannig að þeir þurfa ekki að fara daglega í bæinn. Þurfi fólk að fara á fundi á höfuðborgarsvæðinu milli níu og fjögur á daginn, þegar umferð er minni en fyrst á morgnana og síðdegis, tekur ferðin þangað ekki nema um 40 mínútur,“ segir Tómas Ellert.

Hann er sjálfur lýsandi dæmi um íbúa eins og þá sem lýst er hér að framan. Háskólamenntaður fjölskyldumaður sem hefur búið á höfuðborgarsvæðinu en jafnframt búið á Selfossi og sótt vinnu til höfuðborgarinnar.

Tómas Ellert

Tómas Ellert Tómasson fæddist 20. nóvember 1970. Hann útskrifaðist sem stúdent frá Fjölbrautaskóla Suðurlands árið 1991, byggingartæknifræðingur frá Tækniskóla Íslands (HR) árið 2000 og byggingarverkfræðingur frá University of Washington, Seattle, árið 2002. Tómas Ellert hefur sinnt verkefnastjórnunar-, ráðgjafa- og hönnunarstörfum um árabil og starfar nú fyrir SG-hús ehf. og Eðalbyggingar ehf. á Selfossi. Tómas Ellert er bæjarfulltrúi fyrir Miðflokkinn, varaformaður bæjarráðs og formaður eigna- og veitunefndar í Sveitarfélaginu Árborg ásamt því að gegna ýmsum trúnaðarstörfum fyrir hönd sveitarfélagsins.



Á myndinni hér að ofan er Tómas Ellert staddur við Gullfoss sumarið 2019 með annan tvíburann sinn á bakinu.



Yfirlitsmynd frá Selfossi.

„Síðast þegar við þjuggum á höfuðborgarsvæðinu áttum við 110 fermetra íbúð í Hafnarfirði. Við vildum stækka við okkur vegna barnanna en leist ekki á að kaupa stærra húsnæði á höfuðborgarsvæðinu svo við seldum íbúðina í Hafnarfirði og keyptum 200 fermetra hús hér á Selfossi með góðum bílskúr vorið 2018. Ég starfaði fyrir Reykjavíkurborg á þessum tíma og sótti vinnu þangað en starfa nú hér heima á Selfossi. Ég hef búið víða hér á Íslandi og erlendis en einhvern veginn endar maður alltaf hér í veðursældinni þar sem að ég hef búið í samtals um 35 ár af minni ævi. Konan er ekki héðan en hún sagði strax já þegar ég velti upp möguleikanum á að flytja hingað,“ segir hann.

Innviðir springa

Þegar íbúum fjölgar svo ört sem raun ber vitni í Sveitarfélaginu Árborg kemur að því á ákveðnum tímapunkti að innviðir sveitarfélagsins anna ekki eftirspurn eftir margvíslegri þjónustu. Sú er raunin í Árborg og sveitarfélagið stendur frammi

fyrir mikilli uppbyggingu. Tómas Ellert segir að innviðir hafi í raun og veru verið sprungnir þegar núverandi meirihluti tók við eftir kosningarnar 2018.

„Það má segja að fyrrverandi meirihluti hafi sifið á verðinum á sínum tíma og því lendum við í því að framkvæma fyrir tvö kjörtímabil. Við þurfum að byggja nýjan grunnskóla og leikskóla og þörfin fyrir fjölnota íþróttahús er orðin mjög brýn. Þetta helgast af því að þeir sem flutt hafa á Selfoss eru að miklu leyti fjölskyldufólk með börn á grunnskólaaldri. Börnum á leikskólaaldri fjölgar einnig talsvert.

Einnig flykkist hingað til okkar fólk sem komið er á efri ár, fólk sem er 65 ára og eldra. Það hefur í miklu mæli selt húsin sín á höfuðborgarsvæðinu og víðar og flutt hingað. Hér hefur fólk aðgang að allri þjónustu en ef eitthvað þarf að sækja til Reykjavíkur er það hægur vandi vegna nálægðarinnar. Hér er öflug verslun og margvísleg þjónusta sem uppfyllir allar daglegar þarfir íbúa.

”

Skolp rennur nú óhreinsað út í Ölfusá og við teljum að við svo búið megi ekki standa öllu lengur.“

Við búum að því að hafa öfluga heilbrigðisþjónustu á staðnum og við hlið Heilbrigðisstofnunar Suðurlands rís nú hjúkrunarheimili með 60 rýmum sem sveitarfélagið tekur þátt í að byggja. Þar verður góður kjarni fyrir eldra fólk í sveitarfélaginu. Auk þess eru að rísa og hafa risið íbúðir fyrir 60 ára og eldri sem seldust allar á svipstundu. Við það losna fjölmörg einbýlishús í grónum hverfum. Við höfum dæmi um slík hverfi sem voru orðin nánast barnlaus fyrir fimm árum en þar eru nú börn í hverju húsi,“ segir Tómas Ellert.

Kúfur í útgjöldum

Hann bendir á að tekjur sveitarfélagsins hafa aukist talsvert með fjölgun íbúa svo sveitarfélagið er betur en áður í stakk búið til að takast á við kostnaðarsamar framkvæmdir og uppbyggingu. Þessi hraða uppbygging reyni vissulega á fjárhag sveitarfélagsins en það sé tímabundið ástand.

„Áætlanir okkar miða við að skuldahlutfall Árborgar verði svipað í lok kjörtímabilsins 2022 og það var þegar núverandi meirihluti tók við 2018. Það verður kúfur í útgjöldum á þessu ári og því næsta en svo hægist um og skuldahlutfallið ætti ekki að vera hærra en um 134 prósent við lok kjörtímabilsins ef ekkert óvænt kemur upp á. Það var mikil vinna og vönduð lögð í síðustu fjárhagsáætlunargerð af hendi starfsmanna og bæjarfulltrúa enda höfum við fengið hrós fyrir hana hjá lánastofnunum. Við fórum líka þá leið í stærri framkvæmdum að skrifa inn í útboðsgögnin að greiðslur

til verktaka myndu dreifast jafnt yfir framkvæmdatímamann og fram yfir lokaúttekt í stað þess að fylgja framvindu verksins eins og venjulega er gert. Þannig getum við dreift greiðslum jafnar og yfir lengra tímabil en ella,“ segir hann.

Í Árborg standa einnig fyrir dyrum kostnaðarsamar framkvæmdir sem eru ekki endilega bein afleiðing af fjölgun íbúa heldur hefði þurft að ráðast í hvort sem var. Þegar Sveitarstjórnarmál ræddu við Tómas Ellert var fyrirhuguð tveggja þrepa skolphreinsistöð í umhverfismati og athugasemdaferli sem ljúka átti 4. mars.

Skolpið hreinsað

„Skolp rennur nú óhreinsað út í Ölfusá og við teljum að við svo búið megi ekki standa öllu lengur. Áætlaður kostnaður vegna hreinsistöðvar og annarra veituframkvæmda í sveitarfélaginu hleypur á fimm til sex milljörðum króna svo það væri mikið hagsmunamál

fyrir okkur ef stjórnvöld sæju sér fært að afnema virðisaukaskatt af veituframkvæmdum eins og rætt hefur verið um. Við höfum verið að fækka verulega útrásum í Ölfusá á undanförmum árum og stefnum á að sameina þær í eina sem myndi þá tengjast hreinsistöðinni. Við höfum jafnframt verið að endurnýja fráveitu og aðrar lagnir í götum en höfum hugsað okkur að spýta í lófana þar, tvöfalda fjármagnið og endurnýja tvær götur á ári á næstu árum auk þess sem við erum að fara að setja af stað vinnu við að greina ástand fráveitu og leggja fram aðgerðaáætlun með lausnum til úrbóta á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Í raun ætlum við að gera meira en að byggja tveggja þrepa hreinsistöð á Selfossi því við ætlum jafnframt að drepa saurgerla í skolpinu með UV-ljósi og þá fer ekkert í ána nema köfnunarefni og nitur sem skaða engan, nema síður sé. Ölfusá er gríðarlega vatnsmikil og næringarsnaud. Meðalrennsli á sekundu

Tillaga að snjóbrettabrekku og endurmótun á „Fjallinu eina“ á Selfossi



STUTT GREINARGERÐ:
Meðfylgjandi er einföld tillaga á breytti suðurhlö „Fjallsins eina“ á Selfossi. Tillagan sýnir útfærslu á tveimur brekkum fyrir snjóbretti.

Í tillögunni eru útbúnar tvær brekkur. Önnur liggur til suðurs út úr miðri suðurhlö núverandi hólis og sveigir til austurs, en hin liggur að nokkru leyfi samhliða núverandi sleðabrekku, en sveigir svo til vesturs og mælir þar hinni brekkunni. Á milli brekkanna er um 30m langt slétt svæði. Á, og við, sléttu svæðið verður komið fyrir útbúnaði sem bjóða upp á ýmsa fleiri möguleika á nýtingu svæðisins. Brekkurnar hafa jafnan halla, 1:8 og 1:7. Mikilvægt er að rennisstefna beggia brekka beini iðkendum ekki beint að Langholti. Til viðbótar er nauðsynlegt að koma fyrir hindrunum meðfram Langholti, svo sem háu grindverki svo að skíða- og sleðafólk renni ekki út af svæðinu.

Lagt er til að komið verði fyrir sérsníðuðum handríóum við enda brekkanna sem bjóða uppá ýmsa viðbótarmöguleika á nýtingu svæðisins. Vinsælt er að stökkuva uppá handríóin og eins mætti útbúa litinn varanlegan stökkpall úr jarðvegi sem vísar niður brekkuna með aðstöðu til að æfa stökk og annars konar skíðalöftfimi.

Snjóbrettasport felst að miklu leyti í tækni og trixum frekar en einlegnu bruni. Þegar braut er gerð í litli brekku er betra að hafa litinn halla og bjóða frekar upp á búnað til að æfa ýmis trix og tækni. Með slíkum búnaði ásamt stökkpalli, mætti auka gæði svæðisins til muna og auka líkur á að svæðið verði vinsælt.

Tillagan krefst þess að nokkuð af núverandi grótri, mestmegnis Birki, upp við suðurhlöð hólins verði fjarlægður en einnig má lýnda sér að hann verði einfaldlega færður innan svæði. Til þess að sporna gegn bruni niður brattasta hluta hlíðarinnar og til yndisauka á svæðinu er lagt til að gróðursett verði einnig aukalega í lautina sem myndast á milli nýrra brekka. Útfærsla á grótri yrði í samræmi við heildargróðurplan íþróttasvæðisins.

	rennisstefna brekku
	hándríó - "rail" o.fl.
	nýr gróður
	háðarlínur - 1.0 m
	núv. gróður
	hindrun v/ð skvæg
	skráðar formgerðir

HEITI VERKS:
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBOURG
Framkvæmda- og veituvísio

HEITI TEIÐINGAR:
Íþróttavallarsvæði v/ð Engjaveg, mót Langholti
Snjóbrettabrekka - DROG

VERNAL:	MÖV:	TEIÐING NR.:
219-032	1:750 I A3	001
TEIÐING AF:	HANING AF:	SKAÐ. TEIÐING:
gko	gko	18.11.2019
VEIÐ. / ÚDRÖSÐREFT:	TEIÐ. SREYFT:	

LANDELAGSARKITEKTAR FÍLA
 LAUSTRÁSVEIÐ 8, 800 SELFÖSS
 VAK 402 4300 FAX 402 3042
 vefur@landform.is

Teikning af snjóbrettasvæði sem verið er að útbúa við íþróttasvæðið á Selfossi.



Tómas Ellert situr hér í gröfunni og tekur skóflustungu að fjölnota íþróttahúsi en allur uppgröftur vegna þess fer í brekkurnar við íþróttasvæðið og úr verður snjóþrettabraut. „Við erum jafnvel að spá í að setja rennslisteppi svo hægt sé að nota hana allt árið,“ segir Tómas.

er 340 rúmmetrar og rennslið getur farið í 2.500 rúmmetra á sekúndu í flóðum. Mengun í ánni hefur verið mæld í nokkur ár og hún reynist sama sem engin. Gríðarlega mikil fiskgengd er í ánni, ein mesta gengd af laxi og sjóbirtingi í eina á í allri Evrópu,“ segir Tómas Ellert.

Umferðin færirst

Sveitarfélagið Árborg hefur að undanförunu verið í auglýsingaherferð ásamt einkaaðilum til að kynna sveitarfélagið og kosti þess að velja sér þar búsetu. Tómas Ellert segir kynningarherferðina fyrst og fremst beinast að því að vekja athygli landsmanna á sveitarfélaginu og hvaða kosti svæðið hefur. Fyrstu auglýsingarnar fjölluðu um Selfoss og fljótlega munu birtast fleiri auglýsingar og þá frá Eyrarbakka, Stokkseyri og dreifbýlinu í Árborg.

„Við lítum fyrst og fremst á Selfoss sem höfuðstað Suðurlands. Selfoss hefur frá stofnun verið þjónustubær. Hér er veitt

hvers kyns þjónusta við um 25.000 íbúa og fyrirtæki á Suðurlandi og svo má ekki gleyma því að á sumrin eru allt að 25.000 manns í sumarhúsabyggðunum hér í grennd. Hér eru allar helstu náttúruperlur í skotfæri og umferð um bæinn er gríðarlega mikil.“

Það mun hins vegar breytast í fyllingu tífmans því Vegagerðin undirbýr nú flutning þjóðveggar 1 norður fyrir bæinn og byggingu nýrrar brúar yfir Ölfusá norðaustan við Selfoss. Tómas Ellert hefur engar áhyggjur af því að þessar breytingar muni bitna á ferðaþjónustu eða annarri þjónustustarfsemi á Selfossi.

„Þvert á móti teljum við að þessar framkvæmdir skapi ný tækifæri fyrir okkur við þróun bæjarins og að Selfoss verði áfram mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn og aðra. Það hjálpar einnig til að nú erum við Selfyssingar loksins komnir á kortið, það er veðurkortíð, en hér var sett upp sjálfvirk veðurathugunarstöð í samstarfi við Veðurstofu Íslands á síðasta ári og í kjölfarið upplifðum við eitt besta

sumarveður í manna minnum,“ segir hann.

Nýi miðbærinn laðar að

Tómas Ellert telur að nýi miðbærinn sem nú er verið að reisa í gömlum stíl muni hafa mikið aðdráttarafli. Þar er meðal annars verið að endurbyggja gamla mjólkurbúíð og er fyrirhugað að þar verði skyrsafn, sem Tómas Ellert telur að muni freista margra, enda skyr orðið alþjóðlegt vörumerki sem á sinn heimastað á Selfossi. Hann segist hafa orðið var við áhuga margra verslunareigenda á höfuðborgarsvæðinu á að flytja starfsemi sína í nýja miðbæinn.

Hann bendir á að þar sem nýja brúin á að rísa hefur þegar risið öflugur verslunar- og þjónustukjarni þar sem stórfyrirtæki á borð við Byko, Bónus, Vínbúðina og fleiri hafa komið sér fyrir.

„Þegar umferðin flyst norður fyrir bæinn skapast alls konar tækifæri fyrir okkur. Við sjáum til dæmis ýmsa skemmtilega

möguleika með Austurvegin þar sem Þjóðvegur 1 liggur nú. Það hafa komið fram hugmyndir um að gera hann að breiðstræti og að verslun og þjónusta muni aukast þar. Við Austurveg og á miðbæjarsvæðinu eru margar auðar lóðir og gömul hús sem ekki eru beint staðarþrýði lengur svo þarna eru miklir möguleikar á að þetta byggð og hleypa meira lífi í svæðið. Þarna má sjá fyrir sér aukningu á húsnæði fyrir verslun og þjónustu með íbúðir á efri hæðum þannig að úr verði Strikið okkar landsmanna.“

Gríðarleg tækifæri

Tómas Ellert bendir enn fremur á að við nýja Þjóðveginn á að rísa nýtt 1.500 íbúa hverfi við bakka Ölfusár. Það er á vegum einkaaðila en sveitarfélagið er auk þess á fullu í gatnagerð í nýju hverfi á Selfossi sem ætlað er tvö þúsund íbúum og við hliðina á því er einkaaðili með

”

Við lítum fyrst og fremst á Selfoss sem höfuðstað Suðurlands. Selfoss hefur frá stofnun verið þjónustubær. Hér er veitt hvers kyns þjónusta við um 25.000 íbúa og fyrirtæki á Suðurlandi og svo má ekki gleyma að á sumrin eru allt að 25.000 manns í sumarhúsabyggðunum hér í grennd.“

í undirbúningi álíka stórt íbúðahverfi. Einnig er einkaaðili í gatnaframkvæmdum í svokölluðu Dísastaðalandi auk þess sem sveitarfélagið á gríðarstór landsvæði undir atvinnustarfsemi bæði á Selfossi og norðan við Eyrarbakka.

„Hverfið sem liggur við nýja Þjóðveginn er eitt fallegasta byggingarsvæði á landinu. Ég held að það verði alveg æðislegt. Ekki spillir fyrir að norðan við það verður nýr 18 holu golfvöllur og útivistarsvæði.

Ef tekið er saman það sem er í bígerð og í pípunum hjá okkur og einkaaðilum mun á næstu árum rísa ný byggð fyrir um fimm þúsund íbúa á Selfossi og fyrir 500 íbúa á Eyrarbakka og Stokkseyri sem bjóða upp á mikla möguleika og þannig stefnir Sveitarfélagið Árborg í að verða 15 þúsund manna sveitarfélag innan skamms. Hér eru gríðarleg tækifæri til að efla byggðina og það er virkilega gaman að taka þátt í þessari þróun sem kjörinn fulltrúi,“ segir Tómas Ellert.

Þar sem tvær lagnir koma saman þar ætti að vera brunnur

Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fólgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.

Sæplast framleiðir brunna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulínunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum.

Brunnarnir eru fánlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.

ATH. Hægt er að fá upphækkanir á alla brunna.

Fást í byggingavörverslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnum.



RPC

sæplast®

HLUTI AF RPC GROUP

Samband íslenskra sveitarfélaga er heilsueflandi vinnustaður

Samband íslenskra sveitarfélaga er einn 10 vinnustaða sem valinn var til að taka þátt í tilraunaverkefni á vegum embættis landlæknis, Vinnueftirlits ríkisins og VIRK - starfsendurhæfingajóði



HEILSUEFLANDI vinnustaður

Verkefnið um *Heilsueflandi vinnustaði* byggir á sömu hugmyndafræði og verkefni embættis landlæknis um *Heilsueflandi samfélag* og *Heilsueflandi leik-, grunn-, og framhaldsskóla*.

Um er að ræða spennandi verkefni sem allir starfsmenn vinnustaðarins geta sameinast um til betri heilsu og vellíðunar. Á tilraunatímabilinu stendur þeim stendur til boða margvísleg fræðsla og stuðningur.

Markmið verkefnisins er að stuðla að betri heilsu og vellíðan starfsfólks á vinnustöðum, fyrirbyggja kulnun og minnka brottfall af vinnumarkaði. Verkefnið skiptist að megin atriðum til í átta flokka; stjórnunarhætti, starfshætti, vinnuumhverfi, vellíðan, hreyfingu og útiveru, hollt mataræði, umhverfi og áfengi, tóbak og önnur vímuefni.

Stofnaður hefur verið stýrihópur innan sambandsins þar sem fulltrúar flestra sviða eiga sæti ásamt fulltrúa stjórnenda. Stýrihópurinn mun skipuleggja og velja áhersluþætti úr markmiðunum átta sem nefnd voru hér að framan. Lögð er áhersla á að velja ekki of mörg viðmið í byrjun til að vinna með en fylgja þeim viðmiðum sem valin eru þeim mun betur eftir.

Í verkefninu er lögð áhersla á ólíkar þarfir starfsfólks og að taka þurfi tillit til menningar, aldurs, kyns, líkamsgerðar, ólíkra starfa o.s.frv. Áhersla er á að þau viðmið sem valin eru nái til allra á vinnustaðnum. Þátttaka í verkefninu er valfrjáls innan vinnustaðarins.

Valgerður Rún Benediktsdóttir nýr lögfræðingur hjá sambandinu



Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins.

Valgerður Rún Benediktsdóttir er komin til starfa á lögfræði- og velferðarsvið Sambands íslenskra sveitarfélaga. Valgerður Rún er lögfræðingur frá Háskóla Íslands. Hún starfaði áður sem lögfræðingur og mannauðsstjóri Menntamálastofnunar og þar áður sem skrifstofustjóri skrifstofu viðskipta, nýsköpunar og ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Valgerður Rún hefur m.a. setið í stjórn Samkeppniseftirlitsins og Fjármálaeftirlitsins, verið formaður stjórnar Flugþróunarsjóðs og setið í fjölda nefnda og ráða á vegum Stjórnarráðs Íslands."

Hvað á sveitarfélagið að heita?

Kosið verður til nýrrar sveitarstjórnar á Austurlandi í apríl og sameiningarviðræður eru í fullum gangi í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit

Austurþing, Austurþinghá, Múlabyggð, Múlaþing, Múlaþinghá og Drekaþing eru þau nöfn sem íbúar í sameinuðu sveitarfélagi á Austurlandi munu velja á milli 18. apríl. Undirbúningsstjórn sameiningar bætti við heitinu Drekaþing en Örnefnanefnd lagðist þó gegn því.

Alls voru 17 tillögur sendar til Örnefnanefndar en nefndin mælti með nöfnunum Múlabyggð og Múlaþinghá.

Íbúar munu því velja á milli þessara sex nafna fyrir hið nýja sveitarfélag samhliða sveitarstjórnarkosningum 18. apríl næstkomandi. Sú atkvæðagreiðsla er leiðbeinandi fyrir nýja sveitarstjórn sem tekur ákvörðun að afloknum kosningum.

Samstarfsnefnd um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar

Á norðurlandi er unnið að því að kanna möguleika á sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Verkefnið hefur hlotið vinnuheitð Þingeyingur. Í upphafi árs var skipað í starfshópa um tilgreinda málaflokka til að meta styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í viðkomandi málaflokki. Hver starfshópur ræðir tiltekin verkefni sem samstarfsnefnd hefur gefið ákveðinn ramma um.

Starfshóparnir eru sjö talsins; Stjórnsýsla- og fjármál, fræðslu- og félagsþjónusta,



nýsköpun í norðri, skipulagsmál, menningar-, íþrótt- og tómstundamál, fasteignir, mannvirki, veitur og önnur b-hlutafyrirtæki og atvinnulíf, umhverfi og byggðapróun. Nánari upplýsingar um verkefnið Þingeying, má finna á vefnum www.thingeyingur.is

vefsja.is

Vefsja.is gefur yfirsýn yfir allt landið um skipulagsáætlanir, stjórnsýslumörk, landamerki, ýmsa innviði, upplýsingar um náttúruvernd, náttúruferðir og ferðamál og margt fleira áhugavert.

Einnig yfirlit yfir lögbýlaskrá og þróun íbúafjölda í sveitarfélögum og þéttbýlisstöðum.

NÁMSKEIÐ

Þjóðum námskeið fyrir byrjendur og lengra komna í notkun landupplýsinga í opnum hugbúnaði.

Sjá nánar á www.alta.is/namskeid

alta

www.alta.is

Sími: 582 5000

alta@alta.is

Stafræn umbreyting sveitarfélaga

Fjóla María Ágústsdóttir, breytingastjóri stafrænnar þjónustu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga



Fjóla María Ágústsdóttir

Að nota menningu, verklag, verkferla og tækni internet aldarinnar til að bregðast við auknum væntingum fólks, er skilgreining á stafrænni umbreytingu sem Tom Loosmore, Partner at Public Digital, hefur sett fram. Stafræn umbreyting er mikilvægt verkefni sem snertir alla, ekki síst á þeim tímum sem við lifum í dag. Um er að ræða breytingaferli til að einfalda þjónustu og ferla með aðstoð tækninnar. Stafræn umbreyting er ákvörðun starfsheilda um að hagnýta upplýsingatækni til að bæta rekstur, gera hann skilvirkari og einnig til að gefa viðskiptavinum, þ.e. fyrst og fremst íbúum þegar sveitarfélög eiga í hlut, kost á því að eiga samskipti við sveitarfélagið hvenær sem þeim hentar á stafrænan hátt.

Ísland framarlega í heiminum í tæknilegum innviðum

Á Íslandi erum við mjög vel stödd hvað varðar tæknilega innviði. Við erum í fyrsta sæti í heiminum þegar litið er til aðgengis að háhraða nettengingum og í öðru sæti í internetnotkun. Samkvæmt World Economic Forum höfum við hins vegar dregist aftur úr í samanburði þjóða

þegar kemur að þjónustu hins opinbera á stafrænu formi. Þjóðirnar í kringum okkur hafa verið mun markvissari í stafrænni vegferð hins opinbera. Við erum stutt á veg komin þó íslenska ríkið hafi unnið að stefnumörkun í þessum málum um árabil en búast má við miklu framfarastökki eftir stofnun Stafræns Íslands. Margar stofnanir og sveitarfélög hafa þó eft sína stafrænu framþróun mikið og eru með flottar stafrænar þjónustulausnir. Er það vel.

Heildræn framsetning og aðgangur að þjónustu skiptir megin máli gagnvart notendum

Samkvæmt könnun sem Stafrænt Ísland lét framkvæma um viðhorf almennings gagnvart stafrænni opinberri þjónustu, kom í ljós að 82,5% aðspurðra voru fylgjandi aukinni áherslu á stafræna þjónustu. Í greiningum kom einnig í ljós að fólk gerir almennt ekki greinarmun á því hvaða opinbera þjónusta tilheyrir ríkinu og hvaða þjónusta tilheyrir sveitarfélögum. Fólk er í sjálfu sér nokkuð sama en vill bara geta nálgast þjónustuna auðveldlega, helst á einum stað og kys stafrænar leiðir séu þær í boði.

Helstu áherslur sveitarfélaga í stafrænni framþróun

Ávallt er mikilvægt að taka upplýstar ákvarðanir og veita ráðgjöf sem byggð er á upplýsingum og gögnum. Sveitarfélögin eru misjöfn og mjög misjafnlega langt á veg komin í stafrænni framþróun.




Greining er hafin á stöðu sveitarfélaga til að hægt sé að ná yfirsýn yfir mismunandi ferla, kerfi og lausnir sveitarfélaga. Með því að fara í þessa stafrænu færni- og innviða greiningu höfum við betri sýn á stöðu sveitarfélaga m.t.t. stafrænna

innviða og þjónustu. Út frá niðurstöðum getum við skapað betri grundvöll fyrir samstarf og kortlagt þá aðila sem eru í svipaðri stöðu í ákveðnum málaflokkum. Við getum betur áttað okkur hvar helstu tækifærin í stafrænni framþróun sveitarfélaganna liggja og komið auga á helsta ávinning sveitarfélaga og möguleg verkefni til að vinna að sameiginlega. Tækifæri liggja í öllum málaflokkum sveitarfélaga.

Samvinna og þekkingarmiðlun sveitarfélaga í þessum málum er mikið hagsmunamál. Mikilvægt er fyrir sveitarfélög að skapa rými fyrir umfjöllun og aðgerðir. Að sveitarfélög séu upplýst um áhrif og tækifæri stafrænnar umbreytingar er grundvallaratriði til að taka stefnumarkandi ákvarðanir um breytingar til að auka skilvirkni og bæta þjónustu. Stafræn umbreyting er breytingarverkefni og það krefst þess að fólk, samskipti, vinnubrögð og menning styðji það sem verið er að gera. Tæknilausnir leysa ekki vandamál einar og sér.

Sveitarfélögin þurfa að bretta upp ermar

Sveitarfélögin þurfa að byggja upp skipulagt samstarf í kringum þessi mál. Kannski ekki vinsæl hugmynd fyrir markaðinn en gríðarlegt tækifæri fyrir sveitarfélögin. Stafræn umbreyting er átak en miklir möguleikar eru í endurhönnun innri ferla og nýtingu sama hugbúnaðar eða sambærilegra lausna þvert á sveitarfélög. Miklir möguleikar felast einnig í ytri þjónustuferlum. Sveitarfélögin þurfa að bretta upp ermar, skipuleggja samstarfið, nýta greiningarnar og sammælast um helstu áherslur í þessum málum, tryggja mannafla og svo bara keyra af krafti af stað.



Stig 1	Staða	Áætlun	Staða mism %
2100 - Sameiginlegur kostnaður	96,509,432 kr	92,494,000 kr	104%
21010 - Bæjarstjórn	8,832,272 kr	8,623,000 kr	102%
21020 - Bæjarráð	4,253,025 kr	4,391,000 kr	97%
21110 - Sveitarstjórnarkosningar	1,479,268 kr	1,503,000 kr	98%
21150 - Alþingis- og forsetakosningar	0 kr	0 kr	NaN
21400 - Bæjarskrifstofa	75,443,470 kr	77,669,000 kr	97%
21600 - Starfsmannakostnaður	6,501,397 kr	308,000 kr	2111%
Total	96,509,432 kr	92,494,000 kr	104%

Stig 3	Staða	Áætlun	Staða mism %
L-05 - Laun og starfsmannakostnaður	96,509,432 kr	92,494,000 kr	104%
L-05-1 - Laun	70,647,633 kr	74,388,000 kr	95%
L-05-2 - Launatengd gjöld	16,720,046 kr	15,354,000 kr	109%
L-05-3 - Launaigildi			126%
L-05-4 - Launaskuldbindi			1889%
L-05-5 - Starfsmannakostnaður			142%
Total			104%



Power BI innri greining sveitarfélaga

Þjóðum upp á tilbúnar skýrslur fyrir stjórnendur sveitarfélaga. Power BI stjórnborð auðveldar yfirsýn stjórnenda með samanburði á rekstri og fjárfestingum við áætlun.

Stjórnendaupplýsingar settar fram á aðgengilegan hátt og tengjast beint við NAV, Business Central og eða teninga. Hægt er nálgast upplýsingarnar í gegnum vafra, hvar sem er, hvenær sem er.



Sameiningar

Fram eru komin drög að frumvarpi til breytingar á gildandi sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Meginefni frumvarpsins felur í sér að minni sveitarfélögum hér á landi verður gert að sameinast. Í frumvarpsdrögunum er mælt fyrir um að lágmarksíbúatala verði 1.000 íbúar og að nota skuli fjármuni úr Jöfnunarsjóði til að liðka fyrir sameiningarferli þeirra sveitarfélaga sem ekki uppfylla lágmarkskröfuna um íbúafjölda. Hafi íbúafjöldi sveitarfélags verið lægri en þetta viðmið í þrjú ár samfleytt skuli ráðherra eiga frumkvæði að því að sameina það öðru eða öðrum sveitarfélögum. Af frumvarpinu verður ráðið að meginmarkmið fyrirhugaðra lagabreytinga sé að gera sveitarfélög að sjálfbærum einingum þannig að þau geti rækt lögbundin verkefni og fleiri verkefni með tekjustofnum sínum.

Þetta fyrirkomulag, að miða við lágmarksíbúatölu, er ekki nýtt af nálinni í íslenskri löggjöf. Í sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961 var kveðið á um að sveitarfélög sem hefðu færri en 100 íbúa í fimm ár þyrftu að sameinast öðrum sveitarfélögum. Í sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 var lágmarksíbúatala lækkuð í 50 og þyrftu sveitarfélög sem höfðu haft lægri íbúatölu í þrjú ár samfleytt að sameinast öðrum sveitarfélögum en tækt var að veita undanþágur frá því við sérstakar aðstæður. Sama viðmið var lagt til grundvallar í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998. Í gildandi sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 var horfið frá því að kveða á um lágmarksíbúatölu sveitarfélaga og þess í stað kveðið á um ítarleg ákvæði varðandi grundvöll fyrir samvinnu sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er meðal annars ráðgert að heimilt sé að veita tímabundna undanþágu frá lágmarksíbúatölu við tilteknar aðstæður. Áður var í lögum slík ótímabundin undanþáguheimild. Verði frumvarpið að lögum er jafnframt horfið frá núverandi lagaumhverfi sem ætlað hefur verið að stuðla að samvinnu sveitarfélaga, eins eða fleiri, þar sem þörf er á. Þá er í athugasemdum með frumvarpinu klifað á því að litið hafi verið til reynslu hinna Norðurlandanna af sameiningu sveitarfélaga, þrátt fyrir að þar sé ekki líku saman að jafna við fámenni og dreifingu



Ása Valdís Árnadóttir
oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

landsmanna og landfræðilegar aðstæður héraendis.

Sveitarfélög eru staðbundnar sjálfstæðar stjórnsýslueiningar og er mælt fyrir um tilvist þeirra og sjálfstjórn í 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Með tilliti til stöðu sveitarfélaga sem staðbundinna stjórnvalda er það tvímælalaust áhorfsmál að löggjafinn skuli telji sér fært að ganga svo langt í að knýja fram sameiningu smærri sveitarfélaga án þess að fram hafi farið viðhlítandi samráð á vettvangi allra sveitarfélaga landsins og leitað eftir afstöðu þeirra til þessara fyrirætla.

Af frumvarpinu verður heldur ekki ráðið að framkvæmd hafi verið áreiðanleg athugun á fjárhagslegum áhrifum frumvarpsins, þ. á m. kostnaði og ábata af sameiningu minni sveitarfélaga í stærri, sem hlýtur þó að vera lykilatriði með tilliti til markmiðs frumvarpsins um sjálfbærni sveitarfélaga. Slík athugun hlýtur að vera forsenda fyrir því að ráðast í svo viðamikil innngrip, því ella er alls óvíst um að markmiði frumvarpsins verði náð.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hugnast ekki sú aðferðarfræði sem beitt er með þessari lögbreytingu og hvetur Ríkisstjórn og Alþingi til að virða lýðræði og sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga. Sameining sveitarfélaga getur verið valkostur en meginatriði er að hún verði á grundvelli ákvörðunar íbúanna sjálfra.

Síðasta orðið

Síðasta orðið birtir stutt viðtöl við sveitarstjórnarfólk um lífið og tilveruna í sveitarstjórn.



„Við erum öll á sama báti“

„Að taka þátt í sveitarstjórnarmálum er afar gefandi og lærdómsríkt starf, stundum vanþakklátt en oftast gaman“ segir Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar og oddviti Framsóknarflokksins í bæjarstjórn.

„Það sem einkennir bæjarstjórn Akureyrarbæjar að mínu mati er góð samvinna allra bæjarfulltrúa og markmið okkar í meirihluta er að halda minnihluta upplýstum um gang mála, hlusta á skoðanir allra og reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu í flestum málum. Þannig hefur pólitíkin hér á Akureyri verið rekin um árabíl og í kjölfar hrunsins 2008 tel ég að þetta verklag hafi styrkst enn frekar.

Við erum öll í sama bátnum, kosin af bæjarbúum og þó við séum ekki sammála um allt þá gerum við okkur grein fyrir þeirri ábyrgð sem við berum og fullviss um að samtal og samvinna er líklegra til árangurs.“



Guðmundur Baldvin Guðmundsson
formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar

Guðmundur segir að landsbyggðarmál og hlutverk Akureyrar hafa verið bæjarfulltrúum afar hugleikin en Akureyri hefur ríkum skyldum að gegna gagnvart íbúum á Norðurlandi eystra. „Við höfum á fundum með ráðherrum og þingmönnum ítrekað bent á mikilvægi þess að það hlutverk verði skilgreint með svipuðum hætti og gert er með Reykjavíkurborg í byggðaaætlun.

Á síðustu misserum höfum við fundið fyrir hljómgrunni hjá ráðamönnum og í nýútgefinni sóknaráætlun Norðurlands eystra kemur fram skýr vilji íbúa og sveitarstjórna á Norðurlandi til þess að Akureyri verði skilgreind opinberlega sem borgarsvæði og hefur í því samhengi verið rætt um það sem í sumum löndum er kallað “second city”

Eitt af stærstu baráttumálum Akureyrar hefur að sögn Guðmundar Baldvins verið að koma á reglulegu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll og hefur verið horft til þess að bæta aðstöðuna á vellinum með stærri flugstöð, stærra flughlaði og betri landingarbúnaði. „Það hefur verið skýrt í okkar huga að reglulegt millilandaflug um Akureyrarflugvöll er ein fljótvirkasta byggðaaðgerð sem hægt er að ráðast í og skiptir afar miklu máli ekki bara fyrir Akureyri og Eyjafjörð heldur norður- og austurland já og jafnvel landið allt.“

Á árinu 2018 vannst áfangasigur í þessu baráttumáli þegar samgönguráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson tók af skarið og tryggði fjármagn til að koma mætti upp ILS búnaði við völlinn sem hefur rækilega sannað gildi sitt. Þá var mjög

”

En í minningunni munu standa upp úr góð kynni af aragrúa af frábæru fólki sem er tilbúið að starfa á sviði stjórn mála og láta samfélagsmál sig varða.”


stórt skref stigið í lok síðasta árs þegar samgönguráðherra og ferðamálaráðherra skrifuðu undir viljayfirlýsingu um frekari uppbyggingu á Akureyrarflugvelli. Var í kjölfarið skipaður aðgerðarhópur sem ætlað var að gera tillögur og stilla upp sviðsmyndum um frekari uppbyggingu á vellinum og er hópnunum ætlað að skila tillögum fyrir 31. mars n.k.

„Þegar ég horfi til baka yfir þau tæplega 10 ár sem ég hef setið í bæjarstjórn finnst mér standa upp úr að kröfur til kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum eru sífellt að aukast. Kallað er eftir auknu íbúalýðræði, auknu gagnsæi og faglegri vinnubrögðum sem er afar jákvætt. Á sama tíma eru umræður og gagnrýni á samfélagsmiðlum eru orðnar óvægnari og þó fólk, sem gefur sig út fyrir pólitískt starf, sé oft með harðan skráp þá dugar það ekki alltaf til. En í minningunni munu standa upp úr góð kynni af aragrúa af frábæru fólki sem er tilbúið að starfa á sviði stjórn mála og láta samfélagsmál sig varða“ segir Guðmundur Baldvin að lokum.

VORIÐ ER AÐ KOMA ...



Fornleifastofnun Íslands er sjálfseignarstofnun sem hefur á að skipa fjölhæfum hópi fornleifafræðinga. Við tökum að okkur allrahandu rannsóknarþjónustu og ráðgjöf fyrir þá sem vinna að framkvæmdum og skipulagsgerð.



Hafið samband í síma 551 1033 eða sendið okkur línu á netfangið fsi@fornleif.is

Fornleifastofnun Íslands ses,
Bárugötu 3, 101 Reykjavík -
Tryggvagötu 13, 800 Selfossi

